



# Til þín

RÍMAÐAR OG ÓRÍMAÐAR  
HUGLEIÐINGAR

EFTIR  
ÞORSTEIN JÓNSSON  
Á ÚLFSSTÖÐUM

REYKJAVÍK 1956

# TIL ÞÍN

RÍMAÐAR OG ÓRÍMAÐAR HUGLEIÐINGAR

EFTIR

ÞORSTEIN JÓNSSON

Á ÚLFSSTÖÐUM

REYKJAVÍK

*Útgefendur: Nokkrir lesendur syrþunnar*

1956

## TIL ÞÍN

### 1.

Að harma er að minnast, og ég skrifa til að létta á minni mínu.

Formið er hvíld, og minningar mínar eru hreiðurwilltir fuglar, sem leita sér skjóls í orðum mínum.

Byrði minnis míns er það, sem mér tókst ekki að vera. Og nú vil ég hnýta sveiga úr því og gefa, svo að ég komist leiðar minnar.

### 2.

Það er ekki sjáandinn sem nístir það, sem hann horfir gegnum, heldur nístir það sjáandann.

Að sjá er að finna aðra í sjálfum sér, og vera kraminn af þeim. En að njóta er að finna sjálfan sig í öðrum.

Sjón mín varð til fyrir ósigra mína. Ég sé það, sem ég ekki nýt, og nýt þess, sem ég ekki sé.

Heimurinn sér og viðurkennir aðeins þá, sem kröndu og moluðu, en aldrei þann, sem hann fótum-móð og gleypti.

## 3.

Ég vildi þrýsta mynd minni inn í heiminn. En þegar heimurinn þrýsti mynd sinni að mér, leitaði þrá mín til hæða, þangað sem fljótin eiga upptök sín.

Stíflan neyðir vatnið til að leita hærra óss. Og hvert það líf, sem ekki rúmast í gróandi starfi, verður að hugsmíðum og draumum.

Sumir regndropar falla á auðn og um vetur, svo að aðrir geti verið gróðurdögg. Og nú vildi ég vera ein af þeim regnskúrum, sem falla á grjót hæðanna, þar sem fljótin eiga upptök sín.



## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Værð mig örmum vefur sínum.  
Vörðubroti hvíli eg undir.  
Svipir fyrir sjónum mínum  
sveima og löngu horfnar stundir.

Lítill smali lítilyrkur  
lifði hér sinn draum í verki.  
Ósk hans var, hann yrði styrkur  
eins og kappinn, Grettir sterki.

Hetjudreyminn hóf hann steina,  
hlóð þeim upp í þessa vörðu,  
minnisvarðann aðeins eina,  
eftir hann er sést á jörðu.

## KVÖLD

Nú roðar geislagulli fjallatinda.  
Í glóðdýrð hnígur sól í ægisrúm,  
og kvöldsins friður svæfir svala vinda.  
Loks sveipast allt í draumvært næturhúm.

## TIL ÞÍN

Hve ljúft mun nú í vonavöggum að dreyma  
um vor, unzt dagur rís úr austursjó,  
og þá mun sæla þeim, sem angur geyma  
í þreyttum hugum, kyrrust gleymskuró.

Ég vaki. Myrkri dúðast blómadalur.  
Mér dægurkvíksins ryk er vikið frá,  
því sjónum opnast himins hái salur.  
Nú horfir andinn fjær og lyftir þrá.

## KALT LEIKSVIÐ

Byrgir fold hin bjarta mjöll,  
blómin grátt hún leikur.  
On'úr ræfri á himinhöll  
horfir máninn bleikur.

## LANDNEMI

Í ókunnum fjalldal með eldbrunnið grjótt  
stóð einmana björk, hafði fest sinni rót  
í berggrauf á hraungrýtishjalla.  
Þar lifði hún ókunnum öllum og smá,  
en innra hún geymdi þá stórhuga þrá  
að græða upp auðnina alla.

Hún víst hefði getað sýnt gildari þar,  
sem gróðurinn ríkti og margnumið var,  
og fylkti sér fjölmeiðaskarinn.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

En henni var ljúfara að lifa við þraut  
í landnámi sínu en troða þá braut,  
sem oftlega á undan var farin.

Er frostnepjan limið af laufinu sveið,  
hún lifði í vonum og sumarsins beið,  
ef gæfi það styrk til að gróa.  
Er hjúpaðist náttþoku grjótauðnin grá,  
hún gleymdi því næsta og dreymandi sá,  
hvar daggir í dagskini glóa.

En vorið kom síðla. Hún sífellt varð smá,  
því sumar var stopult og hlýviðrin fá.  
Það brosti fátt björkinni móti.  
Hún ætlaði að fegra hið fáskreytta allt,  
en fékk aðeins sannað að hrímið er kalt,  
og erfitt að gróa í grjóti.

## ÞREKBRESTUR

Hann var svo smár og veikur,  
en vildi komast hátt.  
Hann vængjum sínum veifði  
um vorloftsdjúpið blátt.  
Að framan gnæfði fjallið,  
í frægðarljóma skein.  
Og létt tókst fyrst að lyftast  
á leið til þess af grein.

TIL ÞÍN

Og upp um himinhafið  
hann hugðist fljúga að sól,  
en mætti engum yli  
og ekki fann neitt skjól.  
Og ekkert blóm sást brosa  
í brattri jökulhlíð.  
— Hver verður einn og vinlaus  
að vinna andans stríð.

Hann hneig, er leið var hálfnuð,  
í hiksins þreytuval.  
Hann hálfur var að heiman  
og heftur við sinn dal.  
Hann átti ei arnarvængi,  
hann aðeins þröstur var,  
og ekki meiri orku  
en aðrir þrestir bar.

En þó að brysti þrekið,  
æ þráin lifði samt,  
sem lét sér ekki lynda  
að lyftast aðeins skammt.  
Hann beið og leit til byggða  
að baki, varð þó einn.  
Hann hugsaði til hæða,  
en hlaut ei sigur neinn.



HUGLEIÐING

Hæra sér lyftir úr bládjúpi, önnur er dvínandi,  
 hreytti hún litlu, og hvarf svo í hylmyrkrið gínandi.  
 Fallborgir gnæfa upp, byggðar af traustleikans berglögum,  
 berglöggin eyðast og molna undan smámunans dvergnögum.

Einstaklingsmátturinn litli er þrælbundinn þörfunum,  
 þarftum vill eyða en skapar þær aftur með störfunum.  
 Skírfin, þau hverfa og grafast í hylkýpi gleyskunnar,  
 gjandroða-straumólgu valda á reginsæ heimskunnar.

Maður, þú ert þó ei fæddur til þjónustu þarfanna,  
 þarftum eiga að vekja þig, knýja til starfanna,  
 starfa, sem hug þinn og þrek móti þrotlausu nauðunum  
 þesska — en til hvers, ef öllu skal lokið í dauðanum?

FRAM Á LEIÐ —

Hve miklu sælli er von en veruleiki.  
 En vonir fölna í ríki svefnsins brátt  
 og verða að þoku í þreks og vilja reiki,  
 unz þráin frammar lyftist ekki hátt.  
 Þótt sérhver fenginn sigur beri skugga,  
 hann sjónum bendir fram á næsta mið.  
 Þú keppir þangað, lætur hugann hugga,  
 að hinumegin opnist fegra svið.



## TIL ÞÍN

Og bregðist sigur, andinn ekki hafnast,  
við auðnarströnd, ef þreytt var göfgisскеið.  
Í öldudali orkan hrunda safnast  
til endurriss og vaxtar fram á leið.  
Hver stund, hver hreyfing, öllu áfram þokar,  
þótt augum sýnist hringrás tilgangsblind.  
Í alheimsdjúpi ekkert takmark lokar.  
Til eilífs þroska streymir magnsins lind.

Vor jörð þótt þreyti flug í frjálsum geimi  
er fjötrum bundin æ við móðurskaut.  
Vér erum eins; þótt hátt upp hugur sveimi,  
er höndin skyldutengd við lífsins braut.  
Hver leit að frelsi í flóttu, þó að syrti,  
er fálm um dauðans stjörnulausa tóm.  
Vak, strauma lífsins styrk þú fram svo birti.  
Í starfi þínu rækta hugans blóm.

## FROSTRÓSIR

Máninn gluggann glampaði á,  
glæsti hélublóm.  
Er mér gafst það glys að sjá  
gleymdi' eg vetrardóm.

Fyrir andans augu bar  
indæl vorsins lönd,  
þar sem ekkert angur skar,  
engin þrengdu bönd.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Seilast vildi sigurþrá  
sælunnar í blóm.  
Snerti róсарúðum á.  
Reynd varð köld við góm.

Hvert það blóm, sem hönd mín snart,  
hvarf sem blekking skjótt.  
Gjörvalt ytra huldi hart  
hjarn og vetrarnótt.

## SVÖRT ER SAURKASTSMUND

Ef skýin reyndu að sverta syndum sólarbrána  
þau mundu aðeins sverta sína,  
á sólbránni mun ekkert hrína.

Hinn saklausi er samur, hvað sem segir lygin.  
En hver sem öðrum skugga skapar  
að skugga verður, hreinleik tapar.

Það aðgæt: hvað þú öðrum gafst, það ertu sjálfur.  
Hinn sanna þroska hljóta og hækka  
mun hver, sem lætur aðra stækka.

## SKÝJAKLAKKAR

Skýjaklakkar skína  
skrauti prýddir, glæstir,  
uppi í heiði hæstir,

## TIL ÞÍN

hreykjast, þegar hvína  
útsynningar æstir,  
yfirlæti sýna.

Skýjaklakkar skína.  
Skrautið þeirra er gylling,  
engin innri fylling  
elds né gulls. Þeir sína  
spariklæddu spilling  
spjátrungsgleði krýna.

## HEILRÆÐI

Réttu hönd þeim auma, og reistu þann, sem datt.  
Ryð þér braut gegn heimsku að settu miði.  
Játaðu aðeins það, er þér sýnist vera satt.  
Sofðu ei í ranglætisins friði.

Voga þó ei framar en vit og þekking nær.  
Vopn þín láttu blika í skilningsljósi.  
Ranglætinu enginn með röngu hrundið fær.  
Reyndu að finna drög að hverjum ósi.

Á LEIÐ FRÁ KALMANSTUNGU  
TIL HÚSAFELLS

Ríkir kvöld og reifar mjúkum  
rökkurslæðum foldarsvæði.  
Skeiðar, ber mig brautu greiða  
blakkur traustur. Það er haustkyrrð.  
Gjalla dynir hófa í höllum  
hamra. Þjóta virðast móti  
birkiskarar, heillaherir.  
Hleypi ég stund um slétta grundu.

Renni ég sjón um sviðið, kenni  
silfribúnar jöklakrúnur.  
Eiríksjökull efstur vakir  
austri fyrir, glæstur og traustur.  
Langijökull' bak við bungur  
breiðir gljána. Heiður máni  
skín þar yfir. Ok sést gnæfa  
utast mjallakrýndra fjalla.

Lægri hæðir húmið klæðir.  
Hjúpast draumablæju gnúpar  
dimmra bjarga. Dalir byrgja  
djúpt í skauti gleði og þrautir.  
Saga er lík. Frá liðnum dögum  
leiðir fátt á sjónarheiði.



## TIL ÞÍN

Aðeins mjallbjört frægðarfjöllin  
fald þar teygja úr rökkurlegi.

Áfram lengra læt ég ganga.  
Líður niður. Hvítá riðin.  
Geitá hvít um grjótveg þýtur  
grett og ýfð í höstum spretti,  
breytir landi í svarta sanda.  
Sunnar lít ég skógarrunna.  
Þangað ber mig. Brautin þrengist.  
Birkiprestir fagna gesti.

Sindra af skeifum hests á hófum  
hrauns við grjóti neistar skjótir.  
Álfasögur ljósum logum  
leika um greinar hélubleikar.  
Myndir þjóta, birtast, breytast.  
Brýtur veginn Kaldá lítil.  
Skyggir að handan hlíðarveggur  
Húsafells yfir skóg og velli.

## ORSAKIR SKAPA

Hæddu engan hug né smáðu.  
Hvergi er nokkuð einskisvert.  
Orsök lagði leið til atviks,  
líka til þess hver þú ert.



## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Atvik verður orsök seinna,  
önnur ber í skauti sér.  
Hver þín hugsun, orð og athöfn  
afleiðingu færir þér.

## DÓMAR BREYTAST

Byrgð er jökulbrúnin hæsta  
bakatil við lága hæð  
löngum þeim, sem lægstir standa  
luktir djúpt í skyggnissmæð.

En ef þeir í fjarlægð flyttu,  
fjöllin sýndust himinblá,  
lága hæðin hyrfi og gleymdist,  
háa tindinn blikaði á.

— Gleymast flestir dægurdómar.  
Dæm ei skjótt og engan smá.  
Smáandans mun hvergi hækka  
hróður þegar líður frá.

## ÞÚ ERT EKKI STÓR

Ég stjörnumergðina stari á,  
sem stráð er um geimsins undrasjá  
sem ryki um reginmar.

## TIL ÞÍN

Þar ósýniskorn er okkar jörð,  
þótt ótalsins grúa fóstri hjörð.  
Þú einstaklingsögn ert þar.

1919.

## GLEIPNIR

Ósigrandi öfl má buga  
ómótstaða í þagnardjúpi.  
Arnarvængir ekki duga  
utar jarðar gufuhjúpi.  
Allur þar sem andblær þrotnar  
ekki er frammar skipaleiði.  
Hljómur sá, er hvergi brotnar,  
hverfur sér í tóm og eyði.

## ÁLITSMÆÐUR

Mat hann eftir ytra hjómi  
alla menn, við smáðum reigðist,  
því hans álit alltaf hneigðist  
eftir virtra manna dómi.  
Meirihlutann æ hann elti  
andans fram á reginsveldi.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

### FYRIR DAG

Ymjja straumar. Árdagspoka  
yfir dalnum lága hvílir.  
Ljóss og skugga svipir sveima.  
Svefninn flestra augum skýlir.

Seinna hækkar sól og þynnir  
sorta, og loftið verður tærra.  
Þá mun sigra sannleikurinn.  
Hið sanna er öllum draumum herra.

### VINNINGAR OG TÖP

Margt hrapaði örskjótt í heljarrann,  
sem hundruð ár' var að skapast.  
Það hnoss, sem ég leitaði lengst og fann,  
af lítilli vangá má tapast.

### SAMDRYKKJA

Sat ég að orðasumbli.  
Sérhver af heilaskríni  
hellti á mælskuhornin  
hugsana sinna víni.

Hrjúf voru bæði og hagleg  
hornin, sum gylling skreytti.  
Einn skenkti áfengt vindöl,  
annar svefndrykki veitti.

## TIL ÞÍN

Klingt var svo út og kneifað.  
— Kúrðu nokkrir í valnum. —  
Hringluðu tómu hornin  
hæst allra þar í salnum.

## FREMD ER EI AÐ STYGGJA

Minna þér þótt máttarsmátt  
megnir þú að græta,  
ekki er víst hvort aftur mátt  
úr því seinna bæta.

Fólsku og ertni fjötra skal.  
Fremd er ei að styggja.  
Það er hægt að hrinda í val,  
hægara en að byggja.

## Í ANDSTÆÐNANNA TAFLI

Í hlíð á móti suðri sér lék einn lítill foss,  
sem ljóðapræði teygði, hlaut margan sólar-koss.  
Út lausnarmar vorsins hann leystu af klaka og skafli.  
Hann lifði þar sem fjörið og dauðinn sátu að tafli.

Er vetur aleinn ríkti batt fossinn fjör-lauss ró.  
Er fönnin burt var runnin, hann þornaði upp og dó,  
því gröf er einvöld drottun og Gleipnir sjálfs hans afli,  
en gárar lífsins bærast í andstæðnanna tafli.



AÐ VEIZLU

*Brot*

— Gnæfandi yfir gróðurvöll  
guðhræðslu og sóma  
birtist Mammons mikla höll  
mér í veizluljóma.

Þangað fúsir fætarnir  
fylgja grúans straumi.  
Bak við hurð við hallardyr  
hyljumst stund í laumi.

— Sko því lýsa engin orð.  
En sá nægtaljómi!  
Allsnægt gamla bar á borð,  
bekkjum raðar Sómi.

Átið hefst með ys og klið.  
En sá handagangur.  
Sitja innst við öndvegið  
Áma og Fingralangur.

Eftir virðing út í frá  
eru sætin skipuð.  
Eru mörg af innri þrá  
andlit þarna svipuð.



TIL ÞÍN

Vitum, horfum hópinn á,  
hvort við þekkjum fleiri.  
Sé ég þar með sút á brá  
Sýping gamla á Eyri.

Sýnist átið orðið tamt  
Úlfi í Veiðileiru.  
Kroppar þarna knappan skammt  
Kreistingur frá Seyru.

Andlitssmár með úfið hý  
ótal mörgu litlu  
pukrar magapokann í  
Píringur frá Stritlu.

Vatnið í sig belgir blátt  
Björn í Fossaglaumi.  
Mettari er, þó hafi ei hátt,  
Hagsýnn gamli í Laumi.

— —  
Átið harðnar, hnútukast  
heiftarlegt er vakið.  
Hræsni og uppgerð afhjúpast  
allt, og stendur nakið.

Hásætinu horfir frá  
húsbóndinn í ljóma.  
Hver einn sá, er miður íná,  
myrtur er af Sóma.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

— —

Fram við dyr er hrópað hátt:  
„Héðan burt í skyndi.  
Dagur skín í austurátt  
yfir Brattatindi.“

Hrindir borðum, blint á dyr  
byltist veizlulýður,  
sem um vor er straumastyr  
stórfljóts áfram skriður.

Út í þrotlaus eyði og tóm  
óðar berst sá leikur.  
Jafnskjótt verður höllin hjóm,  
héla og kaldur reykur.

— —

Kvakar svanur fram við flóð,  
friðinn öllum boðar.  
Næturhúmsins banablóð  
bjarma dagsins roðar.

ÚR BRÉFI TIL KRISTJÁNS

— — —  
 Stöðuvatn í afdal inn við heiði  
 er minn hugarsjór, sem lítið ber á,  
 þagnarströndum luktur, svæfður logni.  
 Líður ört að vetri frosts og hriða,  
 klakaskurni köldu vötn hann þekur.  
 Kyrrðardauði er vís þeim innibyrðaða.

Birtu þráir sá, er býr í sorta,  
 svart ef eðli ber ei sér í hjarta.  
 Virðist glöðum framtíð fríð og dýrðleg,  
 fagur þeim, er saknar, liðinn dagur.  
 Kvíðinn er oft sárari en sviðinn.  
 Sæla er mest í því, að vonin tælir.

Sannleikurinn sjúkdómsrót alls grennir.  
 Sárar þykja reyndar fyrstu báru,  
 þær sem fyrir frjálsum anda bærast,  
 fjötrum blindni gegn og vanatötrum.  
 Réttlætið ei reiðist því, sem satt er.  
 Raunþekkingin finnst oft líkust hrauni,  
 vegna hinna svörtu sjúkdómsmagna.  
 Síðar gerir veruleikann fríðan  
 kærleikur, sem fer í skilningsfarveg.

Fatast dómgreind þeim, sem aðra hatar,  
 afsakana engra til hann grefur.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Einhæf vitund skilur fátt og beinir,  
athyglinu eftir þröngri götu,  
afli sínu að fábreytninnar tafli.

Stærstur hugur himninum er næstur.  
Heimurinn er takmarkalaus geimur.  
Of hátt mun því engin sál fá svifið.  
Sanni næst fer hver, sem víðast spannar.

## ÚR BRÉFUM TIL HAUKS

### I.

Flæðir áfram starfastraumur óður.  
Streymi lífsins dvínar ei í heimi.  
Keppa vill þar hver að sínu happi,  
hreppa fáir lán, því takmörk kreppa.  
Trylltan flestir vind og ekkert elta,  
ævistundir þar til dauðinn svæfir.

Gnæfa sé ég ölduflaumi ofar  
öllum fjallatinda krýnda mjöllu,  
stöðu eiga bak við byggðahæðir,  
byrgðir því þeim næstu og lítilsvirðir.  
Minnisgeislaglit sést þar nú brenna.  
Glóðir andans þessa tinda hlóðu.



## TIL ÞÍN

Margir áður gengnir greiddu veginn  
garpinum, sem hlýtur frægðarsveiginn.  
Það er eins og að hans töfranafni  
ótal stjörnur geislamagni safni.  
Eru drög að einum stórum vinning  
athafnir, sem geymast lítt í minning.  
Afarmenni álízt sá og gnæfir,  
atvikanna brennipunkt sem hæfir.

— — —

## II.

Dvelur milli svefns og vöku sál mín,  
sjónum rennir út að djúpalóni,  
leitar þar í sandi að sannleiksbrotum,  
sundfær lítt hún þröngri strönd er bundin.

Vindar leiða báruhópa blindir,  
breyta áttum, hringdans stöðugt þreyta.  
Stefnur allar brotna í banahöfnum.  
Beljar sérhvert fljót að ósi heljar.  
Hyggur hver síns flokksstraums þyt ei þaggast.  
Þröngsýnn verður kappgjarns hugur löngum.  
Úfið vatnsborð augum botninn grefur.  
Athafnanna flaumur djúpsýn glatar.  
Frelsisöldur falskar skapa helsti.  
Fjötrar vanans eru reynslutötrar.  
Valdið eigin vinningar oft felldu.  
Vörn er jafnan blind hjá kraftahrönnun.  
Afleiðingin orsökina hæfir.



## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Oftökunum fylgir slit og dofi.  
Hlutdrægninni heimskra dómar lúta.  
Hrópa oft að vitrum manni glópar.  
Andleysið er æ á tízkubandi.  
Undirhyggja er sínum tíma bundin.  
Gæfumaður, sá er sífellt hæfir  
sinni tíð, oft þræðir lífsins grynning.

Aumust sál er ei á sínum tíma  
ævinlega smáðust. Stundum kæfir  
vísdomsneistann virðingin og hrósið.  
Vinningarnir heimskra sálir grynna.  
Viðsýnn leitar vits í allri skoðun.  
Vilji síngjarns reynir fátt að skilja.  
Nízkan er oft naumheppin að fiska.  
Nærri skynjar sjónin ei hið stærra.  
Lástmálugur lýsir eigin brestum.  
Leynir enginn hug, sem kastar steini.  
Samræmið er sigurvætta draumur.  
Sannleikurinn alla vegi kannar.  
Fegurðin er ylur andans loga,  
yfirsvipur vitsins, sem æ lifir.  
Hlýr í eðli er hann, sem djarfast þorir.  
Háir stríð sitt frjáls, sem engan smáir.  
Hæðinn skortir hug til stærstu dáða.  
Hótfyndinn í veg sinn kastar grjóti.  
Hópmennskan hvers glatar sál og svipi.  
Sérkennist með þroska hver ein vera.

TIL ÞÍN

Hug minn til sín himinsærinn dregur.  
 Hjúpar engin blekking kyrra djúpið,  
 þegar dagsins leiktjöld lyftast. Augum  
 ljómar eilífð skreytt með himinblómum.  
 Geislalim um geiminn allan hríslast.  
 — Gleymi ég tíma og stað. Mig fer að dreyma.  
 Engin takmörk frammar fjötra og þrengja.  
 Fley er örsmátt tilveran á legi.  
 Utanborðs er enga strönd að líta,  
 áfram þó er stefnt í víða bláinn.

Tíminn hvorki er hreyfing eða straumur,  
 hrærist ei, þótt magnsins öldur bærast.  
 Græðisdjúp er kyrrt, þótt skipin skríði.  
 Skapast hvergi nýtt, fyrst ekkert tapast?  
 Hættir kraftur enginn andardrætti.  
 Aldan deyr og lyftir nýjum faldi.  
 Aflið sömu efni sífellt heflar  
 eitt og samt í myndir ótalbreyttar.

Mér í huga bylgjast bjarmar skærir:  
 Breyting hver er samræmis að leita.  
 Tilgangslaus er engin hreyfing alin.  
 Elda lífsins kyndir þrotlaust veldi.  
 Endalaust skal stefnt til styrks og yndis  
 stærri sigra, vits og þroska hærri.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

### FYRIR SUMAR

Hún flaug eins og geisli með sumar í sál,  
og syngjandi kom hún í dalinn.  
En einsöngur varð hennar vorhlýja mál,  
sem veikróma ómaði um salinn.

Því þar sem hún bjóst hér við blómum á grund  
með blikandi árskini á hlíðum,  
réð veturinn eflði með ískalda lund.  
Hann andaði nágusti stríðum.

Hún hjalaði um vorið, þá hvæsti hann við,  
so helgust í brjóst henni lagði.  
Hún talaði um himinsins háleik og frið,  
þá heyrði ekki neinn, hvað hún sagði.

Hún ljóðaði um blíðviðrisblæinn í leik  
við blómin, sem geislarnir þreyja.  
En grundin var hvarvetna gödduð og bleik,  
og gaf henni bending að þegja.

### LÁTTU SKÍNA —

Láttu skína af lífsbraut þinni,  
lyftu huga, sé þér tamt,  
sólskýrt mál og ylhýrt, ævi-  
óður þinn þótt heyriskammt.  
Nóg er til af sorta samt.

## TIL ÞÍN

Njóttu frelsis, framans stýrðu  
fleyi djarft um hættusjó.  
Svífa lát um himinhöfin  
hugann þar sem enginn fló.  
Nógu verður þröngsýnt þó.

## HÁÐLIST

Háðið smáa hræðir.  
Háðið aftrar dáðum.  
List þess líkist hausti,  
lækkar hug og smækkar.  
Leitar hún að lýtum,  
ljótleik til að móta.  
Glapp skal hrósa happi  
hennar log svo brenni.

## GRÁTUR EFTIR HLÁTUR

Þar sem gleðihrönnin hæst  
hefur sig frá legi,  
dýpsti sorgardalur næst  
dylst við stafn á fleyi.

## ILMREYRSBRÓÐIR

Hann teygðist upp hjá öðrum lágum stráum  
og ætlaði sig líkan vera háum,  
sig ilmreyr hugði, aðeins var hans bróðir.  
Af ættum sínum margir þykjast góðir.



## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Þar gekk ein snót, sem greip hann, ilmreyrsbindi  
hann geymdi í við brjóst sitt, hvílíkt yndi,  
að mega ásta og aðdáunar njóta.  
En ilmurinn hans skjótur var að þrjóta.

Því varminn honum vonum fyrri breytti  
í visið strá, sem snótin frá sér þeytti.  
— Þeir verða oft smæstir eftir gengna ævi,  
sem ofar bárust sínu gildishæfi.

## HEILL SÉ ÞEIM —

Heill sé þeim, sem hvergi laut,  
heimskt þótt ýfðist stormarótið.  
Oft fann þraut sá andi, er braut  
upp í móti veg um grjótið.

## TIL YFIRBORÐSMANNSINS

Þig um mikið þér finnst vert.  
Þú ert hópsins yndi,  
bara þó að belgur sért  
blásinn upp af vindi.

Mest sá oft úr bítum bar,  
bezt gekk sig að hækka,  
er sér vann til upphefðar  
aðra menn að smækka.

## TIL ÞÍN

Talar hátt og töfrar smátt  
tómahljóð og öfga.  
Léttast er að lyfta hátt  
léttvægustum höfga.

## EF ÁTTU —

Ef áttu í sál þinni sólskin  
og sjón upp um ómælin há,  
þá hirð ei um dægurvitsdóma,  
sem dára og vilja þig smá.

Hinn blindi ei birtuna skynjar  
né blómailm klaki og steinn.  
Á það, sem til háleikans horfir,  
er heimskan ei dómari neinn.

## HJÁ VATNINU

Á vatnið í afdalnum inni  
í anda ég horfi frá strönd.  
Það lukt er af hömrum og hlíðum  
og hneppt þar í kyrrstöðubönd.

Frá öldum þess andvörp ég heyri,  
sem árblærinn vakti því hjá.  
Þær örmagna brotna við björgin,  
sem banna því frelsi að ná.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Er kvöldar og kólnar á foldu,  
í kyrrðinni virðist mér þá,  
að sólmögnuð himinþrá hefjist  
í hvítvoðum brjósti þess frá.

Svo húmar um strendur og hlíðar.  
Allt hverfur í móðunnar sjá.  
Hver hreyfing er dvínuð og dáin.  
Nú dreymir mig úthöfin blá.

\*

— Minn hugur er blávatn á heiði,  
sem hrannað er óskum og þrám.  
Þær brotna á veruleiksbjörgum  
og bindast af samtíma grám.

En fætur þótt farlömum bindi  
í fjötur hins harðasta stáls,  
er himininn andanum opinn  
svo ómælisvíður og frjáls.

## MARGIR HNOTU —

Margir hnutu, brutu bein,  
böls síns orsök gjörðu.  
Sjálfselskan er sárast mein  
sérhvers hér á jörðu.

HRAFNINN KVAÐ

Hvað gagnar, kvað hrafnninn, um sumar og sól  
að syngja eins og þrestirnir kvæði?  
Ég veturinn þekki, því byggði mér ból  
á bjargi við fengsældargræði.  
Margt skipstrand þar hækkandi hagnað mér ól.  
En hverja ætli ljóðdraumar fæði?

BLUNDUR HELLISMANNA

Kyrrð var á foldu vafinni í værðir.  
Vindurinn svaf í himinlindum.  
Hjúpaði rökkur hlíðar og gnúpa.  
Haustkvöldsfríður ríkti á sviði.  
Norðlingafljót eitt gnauðaði í grjóti  
geigþrungnum rómi um feigðardóma.  
Hellismönnum á hrynkvæðaföllum  
höfuga straumsins vaggði draumur.

Bar þá í minni til bernskuára.  
Blómagrundir í sólarljóma  
litu sumir og minntust mætrar  
móður, er kvað hún þeim vögguljóðin.  
Mundu þeir og — nú myrkvaðist grundin —  
mótbyri, snerrur í ölduróti,  
raunir kaldar í Hallmundshrauni,  
hatur í sál og blóð á stálum.



## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Sváfu þeir allir. Hurfu í hafið  
hljóðar stundir í kyrrum blundi.  
Mókuðu skýjahnoðrar á hnúkum,  
hótuðu stormi á dægurmótum.  
Hraunið varð kvikt hjá hellum og leynum.  
Hrím glóði á fold í morgunskímu.  
Glæstur dagroði glampaði í austri.  
Grúfði drungi í vestrinu þungur.

— Stend ég á hraunsins storknuðu lindum.  
Streymir fljótið ennþá í grjóti,  
örög þeirra, sem afvegu fara,  
ómar það mér í köldum rómi.  
Horfi ég fjær: Í gróðurgervi  
grafin er sveit bak við fjallaleiti.  
Eiríksjökull við bláloft blikar  
brattur og einn, öllum glæstari og hreinni.

## VEIÐIFÖR

Hann ýtti fleyi fram úr vör  
að fiska um vísdómssvið  
og öllum kröftum flýtti för  
á fremstu lærdómsmið.

Að baki eins og rökkursrönd  
sást reynslan gnæfa of lá,  
en fyrir augum enga strönd  
um eilífð mátti sjá.

## TIL ÞÍN

Að aftni loks hann venti í vör  
með veiðihlaðið far.  
Það voru fá og vanheil svör,  
hitt voru spurningar.

1920.

## LÆKUR OG LIND

Í fjalli lind og lækur  
sér léku í æsku dátt  
og vissu enga ætlun,  
en yndi þráðu og mátt.

Er fram af brún þau bárust,  
— því burtu þrá hvort ól —  
þá féllust þau í faðma  
í fossi móti sól.

Þá eignuðust þau ætlun  
í eining, sem var ljúf:  
hvort öðru braut að brjóta  
um björgin köld og hrjúf.

En fyrsta sinni fundu  
þau frjálssa streyma þrá,  
er dreifðust þau um dalinn  
að dögguva blómin smá.

## HJÁ SMALAVÖRÐUNNI

Sú dökk nú léttfleyg líður  
til lofts um blágeimshöf.  
En fljótin sérgræf sökkva  
í sævardjúpsins gröf.

## BURKNI

Úr klettaskor í vonavor  
ég vex, en sorann flý.  
Ég hræðist víða veröld, stríð  
og vetrarhríðagný.

Mín gætir smátt, því gefur fátt  
mér gaum og lágt ég bý.  
Í kyrðarskjóls mitt skuggaból  
vart skygnist sólin hlý.

## SKUGGAR

Gríp ég eftir geislahnossum.  
Greipum skuggar fylgja mínum,  
svo að hvað sem hendur snerta,  
hlýtur ljóma að tapa sínum.

Setur ei mín sérhver hugmynd  
svartan blett á heiðið glaða?  
Húmsins lit ber hver einn stafur.  
Hvít er blaðið óskrifaða.

Hrím og ský — til sumarsólar  
sést því lítt úr mínum glugga.  
Ljósivakin löngun býr þó  
leynd á bak við suma skugga.

## UTANVEGGJA

Hnullung, sem er háll og valtur,  
hrundið er úr vegg frá steinum,  
auðnusléttum, félagsflöttum.  
Föllum veldur hann og meinum.



## SKUGGAR

Stormurinn um úthöf æðir,  
öræfi og kalda geima,  
veldur brimi, byltir, slítur  
bönd, og á því hvergi heima.

Jökullinn með jötunþunga  
jafnar fjöll og myndar dali,  
engra blóma ástir hlýtur,  
einlægt kannar dauðans vali.

Aleinn fjallaörninn reikar  
uppi þar, sem ríkir snærinn.  
Háfleygastan hug og stærstan  
hvergi rúmar gæfublærinn.

— Takmark alls er ást og fegurð.  
Ægimögnin brjóta og leggja  
nýjar brautir gæfugróðri,  
grjótið laga í hleðslur veggja.

## JÖKULSÁ

— — —  
Fædd var hún af hels og klungurs  
hrikajökli ægifríðum.

— Litlu dalaárnar eiga  
upptök sín í miðjum hlíðum.

TIL ÞÍN

Meðan þær í æsku ærslast,  
öfl sín birta í fossaglaumi,  
engum kunn um eyðisanda  
ekur hún í jöfnum straumi.

Meðan þær un lágur lendur  
líða sem í þægum draumi.  
engum kunn um eyðisanda  
ekur hún í þungum straumi.

Loks, er þaggast út við ósinn  
allur þeirra straumaniður,  
steypist hún af hárrí og brattrí  
heiðarbrún í gljúfur niður.

Þaðan sjálfrar ósi utar,  
enginn þar sem straums síns neytir,  
höfugar við hafsins dunur  
hennar rómur aleinn þreytir.

VÉR SKYGGNUM BEZT —

Vér skyggnum bezt af skuggans leið  
vor sköp og lífsins grunn,  
og sálin dýrsta svalaveig  
oft sótti í harmabrunn.  
Að lifa er að þjást og þrá.

## SKUGGAR

Og þá er dauðinn vís,  
ef fullnægt verður allri ósk  
og angurstraumur frýs.

## MEINLEYSINGJAR

Steins er hvergi úr grundu gnæfði,  
getur ei í lasti og skjalli.  
Engum skjól hann varð né vígi,  
varð ei heldur neinu að falli.

Geisli, er skín í ólífsauðnir,  
enga von til sigurs fæðir,  
brennir engan brunasári,  
bros á engra vörum glæðir.

Rós, er enginn augum lítur,  
enga sál með fegurð nærir,  
engan sætum ilmi gleður,  
engan heldur þyrnum særir.

Lækur, sem er fönnum falinn,  
flytzt til óss í þögn og leynum,  
ekkert truflar, ekkert volkar,  
ekki heldur svalar neinum.

KVÖLDSKIN Á FJÖLLUM

Dauðpreyttum er dýrðleg ró,  
dags er störfum rofar.  
— Glampar allt í geislasjó  
grundum dalsins ofar.

Opin sjón sú unun fríð  
angursbyrði léttir.  
— Áðan grúfðu on' í hlið  
úrgir þokuhettir.

Fyrir þeim ei foldin sá  
fjalla sinna myndir.  
— Stundum líkt sitt æðsta á  
urðu sumir blindir.

Hlýi blær, af hugans leið  
hjarnið láttu þiðna.  
— Blika fjöllin björt og heið,  
brosa að því liðna.

DAGGIR

Úr rofi léttra skúraskýja  
nú skína á döggvumstráða grund  
þeir bjarmar ljóss, er birta og hlýja.  
Hve brosir veröld þessa stund.



## SKUGGAR

Hver perla svarar sínu blómi,  
þau saurgun allri firra þær,  
því ástin hreina, lífsins ljómi,  
er ljúfust vernd, sem nokkur fær.

Þær féllu af himni yndisarma.  
Við enda dagsins gullið ský  
mun sjást á lofti í björtum bjarma,  
þá blika sérhver mun í því.

En þegar nóttin faðmar foldu,  
hún fréttum þeim mér andar mót,  
að sumar hnigu í sorta og moldu,  
að sumar hnigu í auðn og grjót.

Hvers gjalda þær? Hví gafst ei öllum  
jöfn gæfa? Hví var þetta leyft,  
er sumar glóðu á sæluvöllum,  
að sumum væri í glötun steyp?

En sjá, nú opnast himinhylur.  
Þey, hlusta í kyrrð á þagnarorð.  
Ég sé í nótt hvað djúpið dylur.  
Á daginn sé ég yfirborð.

Á dreyminnum blómum daggir glitra,  
og djúpa spegla himinmynd.  
Og undan bergi sé ég sytra  
með sigurhreimi tæra lind.

TIL ÞÍN

Hér birtast þær, sem byrgðust moldu.  
Hér birtast þær, sem féllu í grjót.  
Ei tapast nokkurt tár á foldu,  
þótt tindri ei sínum degi mót.

Og hreinar koma úr húmi og grjóti,  
sem hafa til þess fórnað sér,  
að duftið lyftist ljósi móti  
í líki þess, er fegurst er.

Ef hvergi sérðu harmanætur,  
þíns huga deyr og visnar fold.  
Og blómin ættu engar rætur,  
ef engin perla félli í mold.

Ef engin félli á auðn og sanda,  
ef engin félli á jökultind,  
þá streymdi engin á til stranda,  
og enginn fyndi tæra lind.

— Þá næst er dagur lyftir ljósi,  
jafnt ljómar gengin sorg og þraut.  
Nú skilst mér það, að einum ósi  
fer allt að lokum sigurbraut.

FRÁ HAFI TIL HIMINS

I.

Í ómælisfortíðarútsæ,  
í útgrynni að minningaströnd  
og innleið að ævinnar degi  
sjást eyjar við sjóndeildarrönd.

Þar byggði ég bernskunnar hallir,  
sem ber nú við kvöldloftið glæst.  
— Þar brennir ei hádegishiti,  
sem hafi er upprunans næst.

Af ilmandi og brosandí blómum  
mér byrgðist þar reynslunnar grjótt.  
Svo hlýlega gleyskunnar hjúpur  
þar hlúði að lífsmeiðsins rót.

II.

Um fábreytnis flatlendishrjóstur  
mér finnst nú að liggi mín braut.  
En hugsjóna heiðstjörnur blikja  
sjást hátt ofar skammsýni og þraut.

Þær lyfta til flugs minni löngun,  
þær ljóma, svo birtir í önd.  
Hvort munu þær eyjar hjá innleið  
að alvitsins himnesku strönd?

III.

Hver vinni, svo vegirnir greiðist.  
 Mann vitka skal harmur og þraut.  
 Hvert líf er guðs hjartkennd, sem hefjist  
 í hugsun á ævinnar braut.

RITDÓMUR OG SVAR

Þinn ljóðaheimur er lítil ey  
 og lág, hvorki rúmast þar já eða nei.  
 Ei frostkaldir skuggar né brennandi bjarmar  
 þar búa, og hvorki gleði né harmar.  
 Og engum verður sú eyja mið,  
 þar allt er í þoku hafsins svið.  
 Þótt rúmist þar ekki reginbrestir,  
 þar rúmast enn síður kostir mestir.

Mitt ljós skín hvar þú ekki ert,  
 því er það þér svo lítilsvert.  
 Frá fjarlægum stjörnum þú finnur ei varma,  
 né færð í augu sterka bjarma.  
 Því lægra og þrengra sem lífs er svið,  
 því lengra fjær skyldi hugans mið.  
 Hvern sannleik þann, er þér svefn þinn dylur,  
 þú sérð í þoku og ekki skilur.



## SKUGGAR

### KVÖLDSKUGGAR

Glæsiskýjum sveipast sól  
sævar út hjá djúpi,  
en á haga og byggðaból  
bregður skuggahjúpi.

Gerist vaka af gleði tóm,  
gáskahlátrar þegja,  
döggvast tárur dalsins blóm  
daprar krónur hneigja.

Laðast hugur út í ós,  
una vill í draumi,  
þar sem blikar rós við rós  
rjóð í geislastraumi.

— Héðan sumt, sem horfið er  
hátt á sólarleiðir,  
skammsýnna á skeiðvöll hér  
skugga saknaðs breiðir.

Gott mun samt, þótt græti blóm,  
gengiðs skugga að erfa.  
Einn að kvöldi í eilíft tóm  
yrði ei ljúft að hverfa.

## TIL ÞÍN

Saknaðs andvörp hjartahlý  
hlátrum ofar leita.  
Ástsól geisluð angursský  
andans himin skreyta.

Dásemd næsta dags þar sést,  
djúp er kyssir sunna.  
Þeir sem allra misstu mest,  
mest þeim geislum unna.

Eins og þreyttur fagnar frið,  
fagnar morgunseldi,  
sá er hugróf sofna við  
sólskinsbros á kveldi.

## UNDIR ÁSTÆÐUM KOMIÐ

Mér í rúmi léttu lá  
löngum, hvort að væri  
fyrir handan, heljarsjá  
höfn, sem að mig bæri.

Sjálfan gat ég sætt mig við  
svefn, og ei að vakna,  
meðan fjarri er myrkurssvið,  
meðan einskis sakna.

## SKUGGAR

Vinarfley ef hafs um hyl  
hyrfi vonlaust endur,  
allir mundu óska, að til  
aðrar væru strendur.

## VÍSUR

*úr ljóðabréfi í sumar*

Stirt er mér um stefjasmíð,  
stend því löngum hljóður.  
Vorsól hvar ei vermir blíð,  
visnar andans gróður.

Ef að botni er frosið fljót,  
fossastrengir þegja.  
Fræ, sem ekki festi rót  
foldu í, má deyja.

— Kaldur gustur framhá fer,  
frjósa lindir smáar.  
Haust er oft í huga mér,  
hjarn og auðnir gráar.

Gjarnan vildi eg geta þó  
glatt og tendrað þorið,  
sungið til þín sigurfró,  
sungið til þín vorið.

TIL ÞÍN

En eg má því ekki ná.  
Andi blævi hlýjum,  
hugsananna himin á  
hrannar dökkum skýjum.

— — —  
Óttast margur heilan hug  
hér að birta nakinn.  
Eðliskjarna og frumleiksflug  
fjötrar hræsnisklakinn.

Ólíkinda undir feld  
aðrar þrár samt vaka,  
því að sál hver á þó eld  
undir formsins klaka.

Eitt er löngum eðli og þrá,  
annað líf og háttur.  
Hretið, það er himni frá  
hverfður sólar máttur.

Sem í frosti fjallalind  
fjötrast, rómi glatar,  
staðnar æ með augu blind  
andi þess, sem hatar.

— — —  
Huggast lát þótt búi á braut  
björnum skuggar meiri.  
Er því, sem finnst oftast þraut,  
efni í sígra fleiri.



### SKUGGAR

Hækkað getur hugans auð  
happaláni að tapa.  
Stærsta sigra í stærstri nauð  
stórir jafnan skapa.

Sigri næst oft sýnist mörg  
sorg, og fæst sem huggar.  
Upp við hæstu brekkubjörg  
búa stærstir skuggar.

### STAKA

Feigast alls er fagurt blóm.  
Fáir kveða upp réttan dóm.  
Sá er lýsti lengst á vegi,  
lýsti oft sínum fótum eigi.

### UM DÖKKA AUÐN

Um dökka auðn rann lítil lind,  
sem langaði í sjá,  
en dreifði styrk, varð stöðuvatn  
með stefnulausa þrá.  
Hún efldi hvergi annars straum.  
Hún enga þáði gjöf.  
Hún aldrei fram að ægi komst,  
varð óska sinna gröf.

## TIL ÞÍN

Á vatn synti svanur einn,  
er söng um vorsins lönd.  
En blævivakin bára hver,  
þar brotnaði við strönd.  
Hann gat ei fylgzt með fleygra sveim,  
en flugþrá innra brann.  
Hans óður hvarf um auðan geim  
og engan hljómgrunn fann.

## GLERBROT

### I.

Geisli, sem leið  
frá glóðum sólar  
út í ómælisgeim,  
skín sér ei fyrri  
en skín hann jörðu  
og veit hann er sólarson.

Eins finnur hver,  
sitt eigið fyrst,  
í gjöf, sem hann öðrum gaf.  
Sökk hver, er aðeins  
sér sjálfum lifði,  
í tilgangsleysisins tóm.

II.

Andans eldsneyti  
eru raunir  
þeim, sem er þroskagjarn.  
Horfiðs minning  
og hæpiðs von  
eru sálarlogum sem loft.

Þó að harma  
höfginn virðist  
funa slökkva í fyrstu,  
stígur loginn,  
er stundir líða,  
hærra en áður hófst.

III.

Þar, sem ísskafli  
athafnaleysis,  
hvílir að hausti fram,  
vaxa ei blóm,  
sem borið geta  
framtíma vonarfræ.

Sá sem lítið eitt  
lifað hefir,  
yrkir efnissnauð kvæði.

TIL ÞÍN

Blikar ei stál,  
en byrgist ryði,  
sem hvergi nemur við hart.

IV.

Æskumanns vonir  
um yndisnautnir  
og velgengnis höpp og hnoss  
eru sem blómkrónu  
blöð, er fölna  
og falla á lífsins leið.

Svo, þegar burtu  
er blaðaskrautið,  
kemur kjarninn í ljós,  
ávextir lífsins,  
þau andans fræ,  
sem bera framtíma blóm.

V.

Plógjárn sársaukans  
plægi hjartans  
akur, sem ástum frjóvgast,  
þá munu rótfastar  
rósir spretta,  
sem standast hverfleikans storm.



## SKUGGAR

Sjálfselskuhjarn  
með sárum trega  
leysir af sérhvers sál.  
Sá er sér einskis  
æskti sjálfum,  
einn gæti flogið frjáls.

## FJÖLL OG SKÝ

Gnæfa fjöll  
ofar grundum dala.  
Sum þeirra eru fanntyppt  
fjarri byggðum,  
tröllsleg önnur  
með tinda skörðotta,  
enn eru sum þeirra  
ávöl og gróin.

Rist hafa rúnar  
regn og stormar,  
æviraunar  
í enni þeirra og vanga.  
Lesi má úr rúnum þeim  
langa sögu  
Framtíðarörlög  
felast í því liðna.

---

## TIL ÞÍN

Brotna skýin  
á blágrýtistindi  
hverful og reikul  
hrekjast fyrir vindi.

Hæddu ei, fjallstindur,  
hverfula skýið,  
vit, að það er sitthvað  
viðkvæmni og styrkur.  
Fastur og jarðbundinn  
flug þess ei þú skilur.  
Skýið getur framleitt  
skruggur og eldingar.

## DAGSKUGGAR

Sólin skín og heiðblár himinn  
hvelfist yfir jörð og sæ,  
lagður prýði ljósra skýja,  
líða þau í hægum blæ,  
varpa hér á vengi skuggum  
vorgeislanna, er hurfu í sjá,  
svala mínum sjónum, hvíla  
sál, og milda dagsins þrá.

Eins og líði á hafi hrannir  
horfiðs myndir fyrir ber.

## SKUGGAR

Dánar vonir önd mín eygir  
ofar þeim, sem rättust hér,  
eru ský á hugarhimni  
hugsananna auðga sjóð.  
Skuggum þau á veginn varpa.  
Verða þá til angurljóð.

Blandast vorsins yndisómum  
orkuþrunginn vatnagnýr.  
Geislamagn, sem hneppt var höfga  
hjarns, í rómi fossins býr.  
Þeim, sem leystu álög íssins,  
ekki mættu brosin hlý,  
samt óma að þeim sjálfum liðnum  
sigrar þeirra í straumsins gný.

Skyggir nú á blómabyggðir.  
Birtir sól á snjóvgan tind.  
Blika skýjaborgir ofar,  
benda mér í himinslind.  
Ljós og húm í faðma fallast.  
Finnur lífið tilgang sinn.  
Vori frá til annars æðra  
áfram liggur vegurinn.

Hjarðir una um börð og brekkur,  
brosir jörðin græn og hlý,  
þar sem geislaþrárnar rättust  
þekku blómaskrauti í.

## TIL ÞÍN

Hlýju þegar haustið eyðir,  
hjarnið þekur gróðursvið,  
dularmyndir draumaskýja  
dvelja skal minn hugur við.

## ANDVAKA

Andvaka ligg ég,  
úti heyri  
vindinn í för  
yfir votar auðnir.  
Kveina ýlfurstrá  
ömurlega,  
blakta án lífs,  
en þó bundin rótum.

Inni er allt hljótt,  
nema anda léttan  
brjóst, sem blunda,  
eins og blær þjóti í sefi.  
Opnum augum  
út í myrkrið  
stari ég einn  
sem í staðlaust dýpi.

Veit ég, að þegar  
vorið kemur,



## SKUGGAR

blómaglit breiðist  
yfir bleika grundu.  
Vissi líka skjól,  
sá sem villtist úti,  
og kæran yl,  
sá sem kól til bana.

Blika veit ég stjörnur  
að baki skýja,  
geislandi um geimdjúp  
í glöðum dansi.  
En regndropar falla  
með raunakliði  
foldarbrjóst á,  
sem er falið myrkri.

Skilið ég get,  
að sá skapi sér bjarta  
stjörnu ofar stafni,  
sem í stríði sér hitar.  
En hinn, sem hvorki  
hvílist né starfar,  
hverfur sér sjálfum  
eins og hjóm eða reykur.

Þekkja ég vil.  
Ég er þreyttur að skapa  
tálmyndir mér  
úr tómi sjálfs mín.

TIL ÞÍN

Þreytir enginn sund  
í þornuðu fljóti  
né lyftist til flugs  
í lofttómu rúmi.

Finna ég vil  
eins og fæ ég skilið.  
Hugsun án lífs  
er sem helbjarmi á ísi.  
Ljáið mér værð ykkar  
ljúfa, sofendur,  
eða þá stríð þitt,  
stormur sem þýtur.

En sjálfum sér sem áður  
sofa blundendur.  
Sjálfum sér og úti  
syngja veðurmögn.  
— Þeim, sem að hálfu  
hvoru sig gefur,  
gefst ekki neitt,  
en hann glatast sjálfur.

Vindurinn þýtur.  
Vorsins máttur  
bíður og þróast  
und blæju svefnsins.  
En fisin sem andvaka  
fuku í tómið,

## SKUGGAR

magnþrota falla  
til moldar niður.

Vindurinn þegir.  
Vakir dagur.  
Sígur á augu mér  
svefnisins höfgi.  
Dreymir mig blóm,  
sem dafna og glitra  
gleymdra, jarðvilltra  
gröfum ofar.

## FJALLALIND

Hún liðast enn fjallalindin  
og ljóðar í grýttri braut.  
Hún leitar úr krappri klettaþröng,  
vill komast í hafsins skaut.  
En upptökum bundin er hún,  
og aldrei hún losnað fær.  
Hún dýpka skal veg sinn og víkka svo,  
að verði hún frelsisins reginsær.

Um leir væri létt að grafa  
sér leið fram í óskasjá,  
ef grugg þar ei farveginn grynnti svo,  
að gleymdi hún eðli og þrá.

TIL ÞÍN

Og forðast því aur og foksand,  
og forðastu dauðans ís.  
Ef tærleik þú geymir, þú takmark þitt sérð.  
Á torfærri leið er æ þráin vís.

Fyrst fram ratar óvitseðli,  
og upp í mót teygist rót,  
hvort leitar þá ekki lífsins þrá  
til ljóss og að sigurós?  
En hjarndrómi förmsins fjötra  
vill frjálsa eðlið í dá.  
Vort jarðlíf er smálind í ólífsauðn,  
sem ís eða hiti granda má.

Og leik þér samt lind í grjóti,  
lát ljóma þín tár mót sól.  
Loks vaggast í mjúku djúpi draums,  
hver dropi, sem bergið mól.  
Í stað þeirra aðrir streyma,  
og straumbrjótum eyða úr leið,  
unz sjálf muntu verða og örlög þín eitt,  
það alveldisdjúp, sem þú hafðir þreyð.



## SKUGGAR

### STJÖRNULEIFTUR

Ég hugsanalítill horfði  
um haustnæturstund í rökkurmar.  
Þá lýsti af björtu leiftri  
sem logarák himindökkvann skar.

— Á flugi fráskilið öllum  
æ flækst hafði um tómið kalt og autt,  
eitt lítið stefnulaust stirni,  
í staðleysi kulnað út og snautt.

Á foldu loks ást það festi  
og fórnaði henni öllu sér.  
Ég ennþá í endurminning  
sé eldrák, sem himindökkvann sker.

### KRÆKLUR

Í kræklóttu skógarkjarri  
að kveldi ég rakti mein.  
Þar hölluðust út af hríslur,  
en hvergi reis nokkur bein.

Þar vantrú og vana beygður  
var viljinn að stefna hátt,  
er kaffærði mjallarkyngjan.  
Og kalt blés á vorin þrátt.

## TIL ÞÍN

Því var þar flest knýtt og kramið,  
með kalna og blásna rót.  
En angarnir bentu á eðlið  
og uppteygðust sólu mót.

Hvar lifað var andstætt eðli,  
þar aðeins er smátt að sjá.  
Það kyrkir vöxtinn og krækjar  
að krossfesta sína þrá.

## HAUSTREGN

Mér dapur sýnist himinn og dauðablær á jörð.  
Hví dögga táraperlur þann kalda moldarsvörð,  
sem gerir engan mismun á gaddi eða yl,  
sem gleðst ekki né hryggist, sem finnur ekki til?

Á jarðarbarminn myrka fyrst hrynja tárin tær.  
Þar týnist svo og morast hver einstaklingur skær,  
með forarsytrum dökkum þeir falla í breiða á,  
þar fljóta um stund í blindni og grafast loks í sjá.

Hið viðkvæmasta og fegursta er vandgeymst hér á jörð.  
Hinn víðfleygasta anda mest þvinga takmörk hörð.  
— Á vetrarhimni grátnum ef væri ég eitt tár,  
þá vildi ég á auðnina falla kaldur snjár.

BLAÐSNEYDD BJÖRK

Feigð nær fjöri veiku,  
fjötrar klaki lind.  
Skógarblöðin bleiku  
bárust út í vind.

Berst við beiskan dauða  
björk, sem rænt var þeim,  
réttir arma auða  
út í kaldan geim.

Nauða, er um þá næðir,  
náhljóð angurræn.  
Vetrarhiminn hæðir  
hverja von og bæn.

ÞAÐ HAUSTAR —

Það haustar. Ljósið lækkar  
og litir vorsins dofna.  
Það fer að kvölda og kólna,  
og kátar raddir sofna.  
Í dölum gerist dapurt,  
og drungi í lofti er,  
þótt hvassir vindar hamist,  
hann hvergi þokar sér.

TIL ÞÍN

En stundum lífsins litir  
mest ljóma í hropsins veldi.  
Sjá bjarma um fjöll og byggðir,  
er blikar sól á kveldi.  
Oft hæst þá gnæfði hetjan,  
er hníga varð í dá.  
Í dvíni og dauðaskini  
skal dagsbrún næstu sjá.

En þeir, sem hvergi hófust,  
ei hropsins gyllast ljóma.  
Á fjallalausri foldu  
ei fossastrengir óma.  
Og þeim finnst þyngst að deyja,  
er þroska mátti ei ná.  
Sá væntir einskis aftur,  
sem engu hverfur frá.

Því er, þá ljósið lækkar  
og litir vorsins dofna,  
að undir logar löngun  
til lífs, er ei vill sofna.  
Nú stynur hún í stráum,  
er stormur líður hjá,  
því hvað, sem burt er horfið,  
er harmur einn að þrá.

— — —



## SKUGGAR

Ei svölu jökulsvelli  
nein sorg né kvíði amar,  
það saknar ei né óskar,  
og einskis væntir framar.  
Og bráðum, er á byggðir  
sig breiðir vetrarsnjár,  
þá finnur grundin friðinn,  
þá frjósa gjörvöll tár.

— Ég horfi beint í húmið  
og hræðist ei né kvíði,  
þótt allar leiðir lokist.  
Svo lýkur dagsins stríði.  
Ég söknuðinum sökkvi  
í svefnisins mjúku kyrrð  
og varpa öllum óskum  
í endalaus firrð.

Ég horfi mér í huga.  
Á heiðu vetrarkveldi  
í stjörnudjúp ég stari,  
sem stærra er dagsins veldi.  
Þá opnast mér þar útsær,  
sem áður leit ég sund.  
Mér birtist allífs eilífð  
á andartaksins stund.

## TIL ÞÍN

Ég blunda. Mjallarblæja  
sig breiðir mér að hjarta,  
og silfurrósasveigar  
á svæfli mínum skarta.  
Við sérhvað verð ég sáttur.  
Í sálu minni er rótt.  
Á bólið stjörnur bjarma  
og bjóða góða nótt.

## STJARNA Í ROFI

Um fjallstinda hjarntyppta hranna  
sig hretský um stormkalda nótt.  
En hátt fram úr húmtjalda rofi  
sést horfa ein smástjarna rótt.

En enginn því athygli veitir,  
því illviðri og húm eru nær.  
En stjarnan er stærri en öll skýin.  
Nú starir hún til mín og hlær.

## VORSKÝ

Nú anda vorsins vindar þýðir.  
Nú vakna enn af blundi þrár.  
Hinn græni litur grundu skryðir,  
og glaður hjalar lækur smár.

## SKUGGAR

Öll faðmast geislum blómabyggðin  
og brosir vonarglöð og hlý.  
En yfir tindum húmg sem hryggðin  
sjást hvíla úrug drungaský.

Í skini tárast skaflar mega. —  
Þótt skemmti vorið því, sem grær,  
má þá, sem frostblóm aðeins eiga,  
til angurs vekja sumarblær.

## SÍÐASTA LJÓÐ

Ég sé hvar flýgur svanur  
úr suðri að heiðaslóð,  
þess horfna vitjar hljóður  
sem hjartans þögla ljóð.  
Hann veifar þreyttum vængjum  
sem viti ei sína leið.  
En vetrarsólin vermir  
og vekur draumaseið.

Ég sé hvar flýgur svanur  
að svelliþaktri lá.  
Öll hulin snæ var heiðin  
og hvergi vök að sjá.  
Hann hnípir einn við hjarnið  
sem horfiðs yndis þrá,

TIL ÞÍN

sem sérhver leið er lokuð  
til lífs, er una má.

Ég sé hvar flýgur svanur  
með söng um bláan geim,  
um vetrardjúpið veglaust  
loks veit sig stefna heim.  
Hann flýgur herra og herra,  
unz hverfur sjónum mér,  
sem harmur er til himins  
á hvítum vængjum fer.

Mér, svanur burtu svifinn,  
þitt síðsta ljóð ei deyr.  
En sárt fannst mér, ef sumar  
þú sæir aldrei meir.  
— Einn harmar yndið horfna,  
en hinn hvað aldrei var,  
unz hvítir vængir hefja  
hvers hug um geimsins mar.



## UNDAN SNJÓ

### 1.

Það er dauðakvöl að vera ekki samræmdur þeirri verðandi sem er.

Úti næðir stormurinn og regnið lemst á gluggann minn. Það er leysing, ef til vill þó aðeins bloti, ég sé, að fönnin sjatnar og eyðist. Aðrir dílar koma í ljós, bleikir þúfnakollar með blaktandi sinustráum eða snöggir, en dökkir í samanburði við snjóinn. Það er hvergi vormerki að sjá eða vaknandi lífs, heldur aðeins minningar dáiinna blóma, sumars, sem er hætt að verma. Hversvegna átti ég ekki leið með því burt?

— — —

### 2.

Það er nótt, og stormurinn þýtur yfir auðan og dimman dal.

Ég horfði um stund út í rökkrið. Jörðin hvíldi myrk, en í austri og suðri markaði skýrt fyrir brúnum dökkra hæða, sem bar við dimmblátt loft. Í norðvestri runnu saman haf og himinn í þungum sorta. Hvað mér sýndust stjörnurnar stórar og blikandi í þessum

vökum milli skuggaþrunginna skýja. Hvað mér fannst jörðin yndisleg í sorta sínum og þögn. Ég varð þyrstur í sorg hennar og fannst að hún mundi einnig unna mér. Þar sem er sorg, þar er líka ást.

Hve minningarnar urðu ljósar í dimmunni. Hve þær mörkuðu sig skýrt á þessu dökka tjaldi. Línur hæðabrunanna leiddu mig til hvers staðar, sem ég saknaði og unni. Rautt lyng á haustdegi, ilmandi blómreitur á sólheiðum vordegi, kveldskin á klettum og bleikir birkirunnar í gili. Allt þetta fann ég á sínum stað vafið ástúðlegu myrkri. Og hverflekinn varð mér ljós og yndislega sár.

Stormurinn þýtur og andvarpar um leið og hann fer. Eða er það jörðin, sem andvarpar? Og var það stormurinn en ekki ég, sem hlaut ást hennar? Stormurinn er hverfull, og hver er sú, sem elskar nema það hún er hrædd um að tapa?

3.

Nóttin er liðin og daghímininn horfir yfir jörðina föla og blómvana. Ég unni jörðinni ekki lengur en hún var mér hulin. En er ást mín deyr, hverfur mér yndi minninga minna. En þegar fortíðin lokast, lokast og framtíðin mér.

## Í TÓMI

## 1.

Það er haustdagur, napur og hryssingslegur. Öll eru merki þess, nema frost og snjór, að sumarið sé liðið — enn eitt sumar liðið. Og nepjan og auðnin vekja hjá mér löngun til að endurlifa það, sem ég minnst. Nóttin kallar fram stjörnur til að gera grein fyrir ljósi sínu, sem þær drukku, meðan þær voru dimmar. Og ég er eins og stjarna í tómi, lítill neisti, sem lýsir eða langar til að lýsa fyrir það að hafa verið dimmur einhvern tíma, þegar sólin skein. — Allt ljós er endurskin einhvers annars, líðandi eða liðiðs, þótt í nýrri eða breyttri mynd birtist. En því aðeins leitar það inn í tómið, að það sé minning um yndi í eigin þögn, minning um óminni. Þeir sem sungu með vorinu þagna með því þegar haustar. En þá vaknar söngþráin þeim, sem voru þögulir og söngvana meðan þeim var sungið. Þögnin kallar þeim fram minning söngsins, og löngunin til að syngja hana er löngunin til að fylla upp tómið og gleyma. Yndisstundirnar fá þá í endurminningunni bragð og lit, svo framarlega sem þær voru sannar. Þá gera þær grein fyrir sér, og nú geri ég grein fyrir því að þær geri það.

## 2.

Það er kvöld, kyrrt og dreymandi. Nepjan hefur kveðið sjálfa sig í svefn. Sólin varpar bleikgullnum



geislum gegnum rof milli mókandi skýja — varpar þeim yfir bleika andvana jörð. Bláðsnauðar greinar, blásin strá, deyjandi skin: andhverfa hins vaknandi vors. Ég horfi frá henni yfirum og minnst. — Það var áður en sumarið hafði brugðið lit á jörðina, meðan hana dreymdi aðeins. Ég lá í mosanum meðal visinna laufa og hvítra sinustráa. Það var í litlum skógivöxnum árhólma, og ég sá auðar greinar bera við loft, en áin söng um komandi vor. Hér naut ég nú og hvíldist, en saknaði. Þessi einstæða blaðsnauða birkihrísla, sem ég þekkti svo vel, meðan hún bar laufgaðar greinar — hún kom mér nú til að sakna. En áin söng mér sem fyrr sitt ljóð, sem var mér nú kærara en áður, því að það lét mig dreyma og minnast. Og nú minnst ég þess hve ég minntist.

## 3.

Það var komið kvöld. Síðustu sólargeislarnir kvöddu efstu jökulhjalma í austri og óðum rökkvaði. Fyrir neðan okkur lá dökkur, dökknandi skógurinn, en á aðra hlið var gljúfur, djúpt og skuggalegt. Þaðan var sem andaði til mín sögnum frá skuggaselli fyrnsku og það var sem straumur gilsins bæri mér æviljóð ýmsra liðinna einstæðinga, sem ekki höfðu mál. En yfir hvelfdist himininn með öllum blæbrigðum þess stríðs, sem háð er milli ljóss og myrkurs. Og ég vissi, að vorið var í nánd, og fagnaði og gleymdi. Því minnst ég þess nú í tómi og innibyrður.



## 4.

Það var sumarkvöld yndislegt og brosandi. Skógurinn ilmaði, þrestirnir sungu, og ég fagnaði og naut. Skammt fjarri mér dunaði jökulsáin í gljúfri, en nær mér vakti hægur niður bergvatnsins tæra undan hrauni. Og hólminn minn skógivaxni blasti við mér í kvöldskininu, dökkgrænn og blómum glitaður. Hve víðiskúfarnir og mosajaðrarnir á yztu steinum hans voru litþrungnir í kvöldskininu og endurskini þess frá dökkum vatnsfletinum. Það var eins og að njóta og minnast í senn, og mér fannst eins og þeir streymdu mér í barm, og ég varð drukkinn af lífi og þorsta þess. — Og jörðin vafði mig mjúkum örmum sínum og brosti, meðan náttkulið þaut uppi í greinunum og jökulsáin dunaði í fjarska. Þá gleymdi ég mér, og þess vegna gleymi ég því ekki.

## 5.

Ég horfi yfirum og nýt bjarmans frá fjallshlíðinni, sem gagnvart mér blasir. Þannig horfi ég yfirum til vorsins, sem nú er liðið. — Það var kvöld sem nú, en ekki haust. Hve efstu brúnirnar ljómuðu í skini þess. Og jafnvel frá nöktu grjóti og ógrónum sárum eftir leysingar vetrarins streymdi nú til mín friður og ástkennd. Mér varð allt svo ljóst, og þessi merki þeirrar ástar, sem flýði sjálfa sig, vöktu mér ekki frammar tilfinning hins eilífa dauða. Það var veruleikinn, sem ég sá, hinn sanni veruleiki, það sem verða átti. Það sem

## TIL ÞÍN

ekki er fagurt, er aðeins ekki orðið til, ekki í sannleika orðið veruleiki. Og ég fann til með jörðinni, fann til með tilfinningaleysi hennar í hinum dauðu blettum, fann til með sviksemi hennar og gleymni. Moldin er hæfileiki jarðarinnar til að þjást, og þjáningar hennar eru blóm hennar, og yndisleikinn af því að elska og muna. Og með hvílikri kvöl mundi þá ekki hið dána vakna aftur til lífs og vitundar. Hvílik minning yrði ekki um að hafa gleymt því, sem ber að muna. Ég unni jörðinni í þessari komandi þjáning og minning, og mig dreymdi í trausti þess að hún gleymdi mér þá ekki — mig dreymdi meðan náttkulið kom og rökkrið lagðist yfir umhverfi mitt. Stráin blöktu lítið eitt og krónur blómanna bærðust við fætur mína. En mig dreymdi og mér sýndist þau líta til mín í þrá og brosa. Ég kraup niður og ilmínn lagði að vitum mínum. Þessi yndisleiki, hve hann er hverfull, þó að ekki gerði ég hann hverfulli. Eitt lítið blóm, sem ég særði eða spillti, það mundi valda mér sársauka ævilangt. Og ég kveinkaði mér við að hreyfa mig úr stað, því hvernig komst ég hjá því að fótumtroða? En rökkrið dökknaði og ég beið og mig dreymdi, unz yfir jörðina brá skímu úr austri. Þá sá ég brotnar greinar og bliknuð lauf og vissi, að það var komið haust.

### 6.

Nóttin er komin og jörðin blundar í skuggareifum. nú gleymir hún sér og hvílist. En uppi yfir hvelfist



## UNDAN SNJÓ

himininn hyldjúpur og einmana og vakir. Nú minnist hann og brennir blysum sínum inn í nóttina, sitt eigið tóm og endaleysi. Hvílík ógrynni brenna í brjósti hans, sem þó er myrkt. Var það ást hans á þessari dimmu jarðstjörnu, sem gerði hann svona einmana og stóran? Eru sólstjörnurnar minningar hans, og voru það aðeins draumar, sem hann minnist? — Jörðin sefur og gleymir, hún sem endurskein dagsljósinu í vöku meðan himininn svaf. Er það af því, að hún drakk ekki eld í kjarna sinn, að hún er myrk? Lýsa inn í tómið og af eigin rammleik þeir einir, sem nutu sumarsins í draumi?

## ENDURMINNING

Ég heyri óm af þungum niði, óm völdugs brimgnýs. Það er endurminning. Ég stóð frammi á sjávarbakkannum og horfði út. Stormurinn blés af hafi, og tröllauknar öldurnar hófust og hnigu án afláts. Hægt og stígandi hófust brimgarðarnir úti fyrir, og nálgudust, unz þeir féllu við ströndina, en ægipungi brimgnýsins lyftist eins og af trylltum harmi. Ég stóð og horfði og hlustaði og þessir söngvar og sýnir brotnuðu á vitund minni eins og brimið á ströndinni. Mér fannst þá hafið vera að syngja til mín, og skildi ekki að það var stormurinn aðeins, sem það hrópaði á, stormurinn, sem fór sína leið án þess að taka eftir hrópum þess. Þá skildi ég það ekki, að þeir skilja ekki söngvana, sem til er sungið,

þegar þeir valda þörfinni til að syngja. Ég skildi þá ekki vægðarleysi sannleikans gagnvart skynjendum sínum, né hvað það í rauninni er að vera skynjandi sannleikans.

Stærð hafsins sjá ekki þeir, sem horfið hafa undir yfirborð þess, heldur þeir sem á ströndinni búa, og nú skil ég, að sjónin er ekki lengur sjón en á meðan hún er ekki sén. Ég vildi sjá mig í endurskini frá þér. Og þegar ég fékk ekki birt þér sýnir mínar, þá vildi ég sýna þér djúp mitt, láta þig skynja tómið og myrkrið í sjálfum mér, svo að ljós þitt myndi geislum sínum vegum það. En nú skil ég, að tómið getur því aðeins verið geislunum vegur, að þeir gleymi því. Þolandi veruleikans hlýtur æ að vera einn og óséður, meðan hann hættir ekki að vera sá, sem sér og í ljós leiðir. Vægðarleysi sannleikans er þetta, að sjáandi hans sé sá, sem minnst, en enginn man, að hann sé hið fyrirlitna staðleysi vægðarseminnar og þess djúps, sem allt elskar og lykur.

## BROTNAR GREINAR

— — —  
 Til þess að geta á eigin grunni byggt, varð ég að sjá í rústum það, sem mér hafði verið byggt.

Leynardóm byggingarinnar finnur hver í rústum hennar. Lífið er sannleikurinn, en dauðinn leiðir hann í ljós.



## UNDAN SNJÓ

Söngur árinna verður til, þegar hún varpar sínu eigin í hafið. Hvert hjartans ljóð er hrapgnýr þess, sem tapast.

Þegar eldsneytið brennur, verður það að loftkenndum eimi. Þegar gæfan brennur, verður hún að fleygum hugsunum.

— — —

Ljosið gerir allt bjart, en því eru allar leiðir dimmar.

Það er hægara að rata við annarra ljós en sitt eigið, en lýsandi verður ekki sá, sem er leiddur.

Ljós andans eru neistar, sem kvikna fyrir hrasanir í dimmunni, og árekstra á grjótið í götunni.

Til þess læra menn stundum vizku og eru góðir, að þeir verði óvitrir og gæðasnaðir. Þar sem mjúklega er á grjóti gengið, kvikna ekki neistar.

Hart á móti hörðu, það er drengilegt og vitkandi. Hitt vitkar lítt harðan hóf, að hann troði á blómum.

Gegnum hrasanir liggur stundum leiðin til vits, en ekki gegnum níðingskap.

— — —

Í ást þinni er uppspretta þroska þíns. Elskaðu, svo að þú sjáir æ meira ljós.

Og elskir þú, þá elskaðu eins og barn, því aðeins hin óviturlega ást fær leitt þig til vits.

Sál áttir þú, ef þú elskaðir í blindni, og sjáandi verður þú aðeins fyrir þá ást, sem er blind. Hún er rökkur-mild nótt, sem opnar þér ríki himinsins.

— — —

Þar er ekki í sannleika líf, sem ekki er vogað lengra en það, sem er ratað.

Vizkan deyr af því að vilja varðveita sig á kostnað ástarinnar. „Maður þarf að vita hvað við er að eiga,“ er hið skynsamlega orðtæki þess, sem aldrei varð brautryðjandi.

Djöflarnir eru afturgöngur þeirra, sem dáíð hafa úr viti, en þannig deyðir vitið, að menn loka sig inni í því.

— — —

Hverju takmarki sem ég næ, næ ég aðeins til að sjá, að ég er ekki kominn alla leið.

Það vinnst mér eitt, sem ég þori að glata. Sjálf mitt er ekki sérdrægni mín og sjálfsvarðveizla, heldur leit mín eftir sameiginleik og ást mín til annarra.

Lífið er árangur af viðleitni guðs til finna sér stað fyrir utan sjálfan sig.

— — —

Kaldsæinu virðast allir eins, og það veldur auknu kaldsæi að virðast svo. En ástaraugun sjá fjölbreytni allsstaðar.

Það er þegar ég ann, að ég sé, að hver hefur sitt sérstæða ágæti, og ég ann vegna þess að sjá það.

Gegnum hið einstaka ber að unna hinu marga, en grunnfærni er og svikin sjón, meðan gegnum hópinn er horft.

— — —

Ég leita að sjálfum mér í öðrum, en ódauðleiki minn er að finna mér hvergi stað, nema í sjálfum mér.

## UNDAN SNJÓ

Það eru minningar mínar, sem greina mig frá öllum öðrum, og ég er ekki lengur til en að ég er öllum fráskilinn.

Mestir sjáendur verða menn af mestu einstæði. En greindin þroskast fyrir sameiginleikann.

— · —

Viljir þú boða mönnum vorið, og vinna að komu þess, þá farðu að dæmi sólarinnar: Hún aðeins skín.

Stormurinn feykir ekki burtu skýjunum án þess að skapa önnur ný. En það er ekki ljósið, heldur stormurinn, sem hinir blindu skynja.

Hvað er blindni jarðarinnar? Hrím og ský. Og aðeins ylurinn gæti eytt þeirri blindni. Að gefa jörðinni sjónina væri að gefa henni vorið.



## OG VINDURINN BLÉS

Í vígahug vindurinn geisist  
og veður í hetjumóð,  
en brotnar á sofandi björgum  
og breytist í angurljóð.

Þótt vindurinn kunni að víkja,  
hann vinnur að lokum á  
og molar björgin og brýtur  
og blæs að eldum og sjá.

Og vindurinn blés þessu í barm mér  
og bæði grét þá og hló:  
Hvert líf, það er úthaf og eldur,  
sem aldrei skal finna ró.

## SVARTI SANDFLÁKI

Svarti sandfláki,  
sumaryndi  
allt þér til einskis skín.



OG VINDURINN BLÉS

Hið ytra þú hverfist  
fyrir öllum veðrum  
og týnir tryggðum hvers blóms.

Býr þó undir  
ókyrrum sandi  
bjargtryggð fastrar foldar.  
Bál þrár brennandi  
byrgir hún hið innra  
og óskir blómgrundar ber.

Hallar nú sumri,  
haustsins vindar  
feykja fölnuðum stráum.  
Hverfur sér auðn  
í húmfaðm nætur.  
Skeflir í síðasta skjól.

Í VÍSNABÓK FRÆNKU MINNAR  
Í VESTURHEIMI

Ókyrr andvari  
yfir líður.  
Hrannast skýfjöll um himin.  
Vefur sér að brjósti  
visnaðar rósir  
hlý og húmþrungin nótt.

TIL ÞÍN

Svefnhjúpi jörð  
er svörtum byrgist,  
finn ég ilm þeirra anda.  
Liðiðs minningar  
ljúfar markast  
skýrast á skuggans tjald.

Hverf ég mér í draumi,  
hlýir straumar  
líða um loftin blá.  
Brosir dalur minn,  
blika tindar,  
ljóma litauðug ský.

Hlustaðu, hlustaðu!  
Heyrir þú ekki  
óm frá æsku heimi?  
— Æ, nú andvarpar  
aftur við gluggann  
ókyrr andvari um nótt.

Blikar stjarna  
björt á milli  
skuggaþrunginna skýja.  
Skein hún í fortíð,  
skín hún í nútíð,  
og horfir á hafstrendur tvær.

## OG VINDURINN BLÉS

### VIÐ LINDINA

Hvert fokið lauf, hvert fölnað strá  
og frostibundið var.  
En uppsprettunnar yndisljóð  
að eyrum mínum bar.

Að baki var allt dautt og dimmt.  
Smá dagsrönd vakti yzt.  
En lindin söng mér sigurljóð,  
þótt sérhvað væri misst.

Og stjörnuljós lét stíga dans  
þín straumröst, lindin svöl.  
Eins speglast andans draumur dýr  
í djúpi af myrkri og kvöl.

### VIÐ FOSSINN

Í vor lék þitt ægimagn allsnakið, foss.  
Það ómgrunn í sál mér þá fann.  
En nú er þitt hamsleysi hulið  
til hálfis í vetrarins bann.

Ég leit þig í haust við hið lækkandi skin,  
er lyngið varð rautt eins og blóð.  
Nú svart er, hvar sóldreyrinn flóði,  
og sorgin litlaus og hljóð.

## TIL ÞÍN

Þú brýzt milli bergveggja fastra  
hálfbyrgður í klaka og snjó.  
Sá harmur sem brann, varð sem hverfandi leikur,  
en hitt vakir æ, sem í djúpinu bjó.

## HVERT LÍF, ÞAÐ ER MINNING —

Að drukkna í holdi og húmi  
er himnesku geislanna þrá.  
Guðs andi í blómi eða barni  
vill blunda, er hann þreytist að sjá.

En geislar í óviti efnis  
til uppheima leita á ný.  
Að ljósmögn sér hurfu í hafið,  
því hófust hin gullroðnu ský.

Að gleyma sér sjálfum er gæfan,  
og guðsvilji er falinn þar í,  
að skapa æ ljós þau, sem skapa,  
og skapa sig sjálfan með því.

Hvert líf það er minning, sem minnist  
og mænir í gleyskunnar höfn.  
En sérhvert þess óminnisyndi,  
það eykur þess minningasöfn.



ÉG DÖGUNUM EYDDI —

Ég dögnum eyddi í drauma,  
svo draumarnir gátu ei rættz.  
Ég naut þeirra í anda, sem unni ég mest,  
svo ei skyldi í veruleik mættz.

En sorg mína og syndir skal bera,  
unz sverfur til hreinleikans stáls.  
Og heldur kýs ég hið harðasta ok  
en hugurinn verði ekki frjáls.

HANN SÖNG MÉR ÞAÐ —

Hann söng mér það hinn svali foss.  
Ég sat um kvöld við fætur hans,  
þar úðinn gaf mér úrgan koss,  
og öldur villtan stigu dans.

„Er svarta bergið sverf ég hreint,  
ég sjálfan mig í hjarta sker.  
Þó sér ei neinn hve sviður mér,  
því sigrandans fer harmur leynt.

Ég forðum leið í friði og ró  
sem fjallalind um heiðamó.

Ég braut ei stein, var bljúg og hrein,  
í bugum fór, svo gerði ei mein.

Hvert andkul smátt minn bærði barm.  
Ég bera vildi sérhvers harm,  
ei sá, hvar undir sorinn bjó.  
Er sólin skein, ég einnig hló.

En leið mín gerðist löng og sein.  
Ei leið var, nema brjóta stein.  
Þann allir smá, sá aleinn fer,  
og öllu vægir, nema sér.

Og friðinum ég farga hlaut,  
svo fara mætti sigurbraut.  
En fram er brauzt ég, högg mitt hvert  
snart hjarta mitt sem eggjárn bert.

Ég hóf mitt stríð í heift, en kvöl  
varð hálfu meiri að leita grimmt.  
Mitt eðli er heitt, hið innra dimmt,  
en alda mín er björt og svöl.“

Hann söng mér það hinn svali foss,  
er sólin bak við fjöllin hvarf,  
en úðinn gaf mér úrgan koss,  
og aldan hló og bergið svarf.

ÉG MINNIST ÞÍN SÓL

Sá einn, sem brennur, er hjartur og hreinn,  
þeim blæðir hjarta, er skín. —  
Nú byrgja mér skýin hinn bláa geim,  
og bráðum sumarið dvín.

Ég minnst þín sól, þegar syrtir að  
úr sortanum leita ég þín.  
En horfði ég augum í auga þér,  
mér óðara blindaðist sýn.

Ég minnst þín sól, þegar syrtir að.  
Mér sviði, unz gleymi ég mér,  
því sá, sem veit einungis annarra sorg  
loks allstaðar sigrandi fer.

Ég minnst þín sól, út í heltómsins hyl,  
þá hverfur mitt skammvinna böll.  
Sá hlífist við engu og hræðist ei neitt,  
sem hlær í brennandi kvöl.

Nú byrgja mér skýin hinn bláa geim,  
og bráðum sumarið skín.  
Þú blæðandi hjarta, hjarta sól,  
sem brennir þig hreina, ég minnst þín.

## TIL ÞÍN

### HVE DÖKKUR ER AUGASTEINN —

Hve dökkur er augasteinn, dökk er lind,  
en fönnin er björt og blind.

Hið kaldasta elska allir og dá,  
og allir hið hvíta sjá.  
En enginn hið svartasta sér,  
því að sjónin það er,  
sem allan sárasta sannleikann ber.

Allt kremur hinn kaldi steinn,  
en kremjandinn verður aldrei hreinn.  
Og sandur og aur lykur um hina ísköldu tign.  
Í veikleik og hreinleika verður hver skyggn..

### VART FEGURÐARNÝJUNGAR —

Vart fegurðarnýjungar finnur sá,  
er fjötrast af ríkjandi list.  
Og sannur Kristlíki ekki er  
neinn andi bundinn við Krist.



— MÍNUM BERNKUSTÖÐVUM  
FJÆR

Nú grúfir nóttin húmg og hljóð,  
ei hreyfist minnsti blær.  
Einn lækur syngur svalan óð.  
Nú sit ég mínum bernskustöðvum fjær.

Og lækur, syng þinn svala óð,  
og syng mig heim á bernskuslóð.  
Um grýttan mó lá gatan mín.  
Þar gafst mér heiði og blárri fjalla sýn.

VÖGGULJÓÐ

Sefur nú jörð,  
og sofa haustvindar.  
Blæs ekki meira  
né blæðir lengur.  
Hylur mjöllin allt  
hvítu líni

TIL ÞÍN

mjúklega sveipuðu  
mánageislum.

Sofa og sem jörðin  
sárir eldar  
biturra ljóða  
í brjósti mínu.  
Lifa mér finnst  
undir líninu hvíta  
draumljúft yndi  
hins dvínaða vors.

Yndi æskunnar,  
óskadraumur,  
lít ég þig nú aftur,  
en með lokuð augu,  
sýnist mér helzt,  
að þú sofir aðeins,  
vil ég því vagga  
unz vorið kemur.

Hlustir ég legg við  
og heyrir að vaki  
hjartsláttur undir  
því hvíta líni,  
bærast mjúklega  
brjóst þitt ég sé,  
og bros þitt, þótt blundir,  
birtist mér aftur.

MÍNUM BERNKUSTÖÐVUM FJÆR

En byrgð eru augu  
og bleikur vangi  
og brjóst þitt sveipað  
með banalíni.  
Mjallbreiða. — Mjúklega  
máninn stráir  
geislum yfir  
þá grafpöglu kyrrð.

Sé ég þó og veit,  
að þú sefur aðeins,  
ljúfi, línbyrgði  
lífsvaki minn.  
En köld er þín hvíla  
og kaldur heimur,  
vil ég þér því vagga  
og vaka sjálfur.

Hátt úr húmdjúpi  
horfa stjörnur,  
en skugga ber  
fyrir bleikan mána.  
Sof þú enn stund,  
og sælla njóttu  
drauma, minn draumur,  
unz dagur ljómar.

Vagga ég þér svo og vaki,  
unz vorið kemur,

## TIL ÞÍN

yndisminning,  
og þér ylja vil.  
Óð minn þú vaktir,  
þér óð minn ég gef.  
Líf mitt er falið  
í ljóði mínu.

## HVE VILDI ÉG FEGINN

Hve vildi ég feginn, að væri ég ein  
hin veltandi alda á hafsins legi.  
Hin særðu brjóst eru söngvahrein,  
og söngvarnir leita á hærri vegi.  
Að mega sem öldurnar brotna og brjóta  
og bera svo allt, það er sjálfs sín að njóta.

## HVE DJÚPUR ER DAUÐINN OG ÞYRSTUR

Ég horfði í himinsins auga  
og helmyrkur dauðans sá,  
þá ást, sem á engin takmörk,  
en alla minning og þrá.

Ég horfði í himinsins auga,  
og helmyrkur dauðans leit,  
þann harm, sem á hvergi takmörk,  
en hvarvetna fögnuðinn veit.



## MÍNUM BERNKUSTÖÐVUM FJÆR

Í himinsins helsvarta auga  
ég hefi lesið þann dóm,  
að ást sú, er alla lykur,  
sé öllum staðleysi og tóm.

Allt lífið er leit að því tómi,  
en leit, sem er endalaust skeið,  
því hvað sem í helfaðminn hnígur  
er honum tapað um leið.

## HAUSTLJÓÐ

### I.

Það súgar um glugga og gættir.  
Hér geisar stormur um svæði.  
Nú heyrir mér ég vera heima  
og hlusta á raunaleg kvæði.

Hvort er það hin íslenska saga,  
sem ymur í þessum ljóðum  
um haustliti og hverfandi yndi  
og hjörtu með fölskvuðum glóðum.

Ég ann þessum angurrómi.  
Mitt allt var hins liðna að sakna.  
Nú berast mér ómarnir innan,  
og ótal minningar vakna.

II.

Ég hlusta á haustsins kvæði.  
Ég heyrði þau fyrsta sinni  
hjá gröf, sem nú gróið er yfir  
og glötuð er allra minni.

Þau komu frá kalbitnum stráum,  
sem kveinuðu í svölum blævi.  
Þá fann ég í fyrsta sinni  
til frostgusts á minni ævi.

Og síðan á sérhverju hausti  
um sál mína gusturinn næðir.  
Ég heyri í þeim hvítuðu stráum,  
unz hjarnið jörðina klæðir.

VORNÁND

Ég heyri eins og hafdjúp í fjarska,  
hvar hníga og fagnandi rísa  
við ströndina voröldur varmar og gljúpar,  
sem vetrarins faðma að sér ísa.  
Og hjarta mitt finn ég að hrærist.  
Þótt hjarnið byrgi mér allt,  
þá veit ég að ytra er úthafið breiða,  
sem aldrei, aldrei varð kalt.

MÍNUM BERNSKUSTÖÐVUM FJÆR

Og blærinn sig mjúklega bærir  
og blíðlega um vanga mér strýkur.  
Nú losna mín álög. Ég elska og fagna  
og ekkert sé framar, sem heftir né brýtur.  
Og þrotlaus áfram um eilífð  
nú opnast sjón minni leið,  
er sólin sendir mér geisla,  
og sé ég bládjúpin heið.

Nú hefi ég ekkert að óttast  
og ekkert framar að syrgja.  
Mér íslausa úthafið syngur.  
Hið eilífa hefur ei nokkuð að byrgja.  
Ég var að sofna og vefjast  
í vetrarins hjarn.  
En nú er ég elskandi aftur  
og aftur sem lítið barn.

En veröld er vafin  
í vetrarins dofa.  
Þótt lindirnar lítið eitt rumski,  
þá látast þær sofa.  
Ég ennþá finn klakann við iljar,  
og ennþá markar lítt spor.  
En úthafið, úthafið er þó svo nærri  
og æska og draumur og vor.

Því veit ég, að bölið er blekking,  
sem ber mér ei undan að kvarta.

## TIL ÞÍN

Og vesalings snær og þú vesalings klaki,  
ég vefði ykkur gjarnan að hjarta.  
Ég skil ykkar blindni og binding,  
er birtan um sál mína fer,  
sem vekur mér úthafsins eilífa þorsta,  
þess ást til hins smáa, sem þver.

## HVERS SKAL ÉG LEITA?

Mig vorkvöldið vefur að barmi.  
Hér vaggar hinn draumpýði blær,  
og raddir hljóma úr hverjum runna.  
En hjarta mitt þunglega slær.  
Mér finnst allt svo þröngt, mig þyrstir, ég brenn,  
og þrái burt eitthvað fjær.

En hvert og hvers skal ég leita?  
Er húmar í kyrrum skóg,  
þá starir einstök stjarna til mín  
og stafar mér svölun og ró.  
En er hún þá nema liðinn ljómi  
frá ljósi í fjarlægð, sem dó?

Hvort greindi ég aldrei neinn geisla fyrr  
en glóð hans var þrotin að yl?  
Hvort starði ævilangt stjarnan  
og stafaði í kolsvartan hyl?



## MÍNUM BERNISKUSTÖÐVUM FJÆR

Hvort vængjast þá ást mín, hvort vængjast mín þrá,  
er verð ég ei lengur til?

Í húmkýrrð mig vorkvöldið vefur.  
Sér vaggði í draumsælu blær,  
og hljóðnuð er rödd í hverjum runna.  
En hjarta mitt þunglega slær.  
Mér finnst allt svo þröngt, mig þyrstir, ég brenn,  
og þrái burt eitthvað fjær.

## UNDIR RÓSARFJALLI

Og þannig, þannig sprakk  
Rósarfjall í hárrí elli og hrundi.

*Manfred Byrons.*

Í rökkri undir Rósarfjalli  
hve rólegt var allt og hljótt.  
Þar yfir þeim grjótorpnu gröfum  
nú grúfði sig stjörnunótt.

Mér sagt var, að hrundi þar hefði  
úr hömrinum eitthvert sinn,  
og þúsund manns hefðu þá hlotið  
þar hinza legstaðinn sinn.

Og ýmsum varð hugsað í hljóði  
til harmsins, er skeði þá.  
En hvers vegna bjargið hrundi,  
því hermdi mér engin frá.

## TIL ÞÍN

Um brotin og rústirnar breiddist  
nú blómskrúð og mosaflár.  
En föllit fjallsbrúnin gnæfði  
með ferlegt, ógróið sár.

## STOLTIR STOFNAR

Hvíli ég í hljóðum skógi.  
Húmar ört að væru kvöldi.  
Sé ég gráa stofna standa  
stolta og trausta á eigin fótum.

Þessir beinu, sterku stofnar  
standa saman þétt í fylking:  
sérhver, að sé sjálfum nógur,  
sýna vill þar hver einn öðrum.

Þessir djörfu, stífu stofnar  
stöðugt upp til himins seilast.  
Sérhver einn er öðrum líkur,  
allir því til sjálfs sín finna.

Veikar, grannar vafningsjurtir  
vefja sé ég mjúkum örmum  
þessa gráu, stoltu stofna,  
standandi á eigin fótum. —

MÍNUM BERNKUSTÖÐVUM FJÆR

Húmar að og gegnum greinar  
gægist niður fögur máni.  
Ofar hóp af hreyknum stofnum  
himininn einn og þrotlaus grúfir.

EF BRENN ÉG EI SJÁLFUR —

Ef brenn ég ei sjálfur, mig brenna þau ljós,  
sem birtust mér skærust á minningavegi.  
Ef lifi ég samkvæmt því sannasta eigi,  
sem sé ég, þá lokast mér vizkunnar ós.  
Mín sorg varð mér spegill hins hreina og háa,  
en hik mitt og ótti sem þokan gráa.

Mér birtist af nauðsyn hver bjarmi, er ég leit.  
Því bar mér að hlýða, að það var mitt eigið.  
Að ósekju braut sá, er ekki veit,  
og örlögin höfðu á glapstigu dregið.  
Hin næmasta sjón heimtar nákvæmast rétt.  
Hin nístandi sorg er hjá blindninni létt.

## Í FROSTI

Í frosti læra fljót að þegja  
og felast undir klakaspöng.  
En ekkert getur hamið hafið,  
æ heyrir þaðan bylgjusöng.

Þeir binda og móta eðli og anda,  
sem auð og virðing draga heim.  
En er hann þá í ætt við hafið,  
sem ekki getur lært af þeim?

Þótt vötnin leggi, er viðsjált djúpið.  
Þú vogar sæmd, ef nálgast þann,  
sem fjötrast ei af formi og tízku,  
en frjálsum hug og sannleik ann.

## SKÍRNARLJÓÐ

Að lækkun fór sólin lengi,  
en loks kom að þessum degi,  
að upp á við stefndi aftur  
í áttina að sumarvegi.



## TIL ÞÍN

Þótt enn sitji vetur að völdum  
og vinnist á harla smátt,  
skal muna um myrkar stundir,  
hvað munar í sólarátt.

Í læging fer sólin lengi,  
en loks kemur að þeim degi,  
að frelsi skal sérhver fagna  
þótt fjarlægt enn sýnast megi.  
Ég vildi þangað til vaka  
og vernda þinn heiðindóm,  
svo fjötralaus megir þú fljúga  
við fyrsta vorboðans hljóm.

Því allt hið æðsta og bezta  
var óttalaust, frjálst og heiðið.  
Að segl séu hátt upp hafin,  
er happ, er gefst óskaleiðið.  
Þótt vegni þeim betur um vetur,  
sem vefa sér lygahjúp,  
er sálin kærari sumri,  
sem sönn er, nakin og gljúp.

Það ljómar ljós guðs í augum  
svo lengi sem barnið varir.  
Þér hreinleik kýs ég því heldur  
en hyggindum að þú farir.  
Þó erfitt sé einn að standa  
gegn ískaldri vetrarhríð,

## Í FROSTI

Þá er það hlutskipti hærra  
en heiðrun af flærðarlýð.

Þú ögrar ísnum á meðan  
þú elskar hið bundna og smáa  
og hefir útsýni opið  
æ upp til hins fagra og háa.  
Þú finnur auðlegð í örbrigð,  
ef andans sjálfðæmi nærð.  
Það verndar, hvernig sem veltur,  
að vita sína eigin stærð.

## Í SKJÓL UM VETUR —

Í skjól um vetur skefldi fönn,  
og skaflinn lá á sumar fram.  
Á næsta hausti blaðskreytt björk  
þar barðist ein við frost og hrið.

Í greinum hennar gjóstan lék,  
og greinar hennar sungu mér  
þann draum, er lífið deytt ei gat,  
þótt dæmdist undir staðreynd þess.

Hún skildi ei sinn örlögdóm.  
Hún átti á hausti blómatíð,  
og því í greinum sífellt söng  
um sumar, þegar nepjan leið.

## TIL ÞÍN

Hver sá er aldrei svölun fær,  
hann syngur meðan endist líf.  
Sá sjálfur deyr með draumi vors,  
sem draums þess aldrei notið fékk.

Og næstu daga neþjan hló.  
Er næst mig bar að þessum stað,  
til fulls var skjólið fokið í  
og fönnin aftur komin þar.

## VIÐ FYRSTU ANGAN —

Við fyrstu angan frá auðri jörð  
mér óskir sumarsins vakna.  
Þær koma til mín er dagur dvín  
og draumur minn einn er að sakna.

Þann draum ég svæfi við dægurönn.  
Hans dauði er starf mitt og vaka.  
Mín þrá seildist fram, hún var þorsti í líf.  
Nú þrái ég aðeins til baka.

Og kom mér nær, þrá, því sú kvöl er mér líf  
að kenna þess, sem er mér glatað.  
Við logann, sem elst á því yndi, er dó,  
ég aðeins til sjálfs mín fæ ratað.

TIL ÞÍN

HREYSTIYRÐI

Sé þér kalt til alls og allra,  
áttu beztan kost að þegja.  
Aðeins sólarglóðin göfga  
geiminum nokkuð þarf að segja.

Þiggi enginn þína ástsemd,  
þarf ei kvein né orðaskvaldur.  
Svalað þínum glóðum getur  
geimurinn, hann er stór og kaldur.

DRAGA SÉR BLÓM —

Draga sér blóm  
úr dimmri moldu  
efni óvitandi.  
Huldar eru rætur,  
en himni móti  
brosir kóróna björt.

Leiti hugur  
til himinsala,  
Það er vaxanda vænst.  
Að gróa er sérhvern  
geisla að muna,  
en grafa, hvað gleypt er, í þögn.



## Í FROSTI

Hærra, hærra  
hugur leiti!  
Upp er hvers eðli og þrá.  
Framtíðarjarðveg  
einn frjóvgar sá,  
sem leitar frelsis og ljóss.

## ÞAÐ HNÍGA FLESTIR —

Það hníga flestir frá hálfnuðu starfi.  
Í hik fer margt æviskeið.  
Og flestir búa að svo illum arfi,  
að ekkert ber fram á leið.

## MILLI ÉLJA

Foldu hylur fönn og klaki.  
Frostsins ríkir ægivald.  
Veðrið stundu fer með friði.  
Fjúksins lyftist móðutjald.  
Logaskær frá heiðum himni  
horfir stjörnuskari um nótt.  
Lendingin frá ljóssins heimi  
langan veg er hingað sótt.

## TIL ÞÍN

Lendingin, sem ljósin fjarru  
leita hér, er sjón og vit,  
það, að jörðin þiggi og skilji  
þeirra frið og milda glit.  
Lengi var hér lending bönnuð,  
lengi var til einskis sótt.  
Og þótt lífið vakið væri,  
vafði gjörvallt blindnisnótt.

Milli hinna myrku élja  
mæni ég einn í stjörnugeim.  
Þöglu, kæru, þreyttu geislar,  
þrái ég ykkur til mín heim.  
Stormur hvín og löður lemur. —  
Lendingunni ei ég ræð.  
Löng er þraut að lýsa hingað,  
lýsendur úr fjarstu hæð.

Foldu hylur fönn og klaki.  
Frotsins ríkir ægivald.  
Veðrið stundu fór með friði.  
Fjúks nú aftur byrgir tjald.  
Lendingin frá ljóssins heimi  
langan veg er hingað sótt.  
Allt er dautt við augum mínum,  
aftur komin stjarnlaus nótt.

STJARNA —

Stjarna, sem blikar svo blítt  
úr bládjúpi kyrrlátrar nætur,  
lýsir af logandi kvöl.  
Líkistu henni, mín sál.

Þú þráir úr þrengslum að losna  
og þunganum myrka að lyfta.  
En hugsirðu í heiðríkri ró,  
þú heillar á komandi nótt.

DREYMDI MIG —

Dreymdi mig ég djúpið væri,  
djúp hvar enginn takmörk þekkti,  
staðlaust, sérhvern stað þó lykti,  
straumlaust leiksvið allra krafta.

Viki til mín ósk að einu,  
annað skóp mér sáran trega.  
Hugur var að hálfu í minning,  
hálfur bundinn þrá og löngun.

Öllu var ég opinn vegur,  
enga sjálfum braut þó fann ég.  
Bar ég í mér allt, og ekkert  
af því sjálfur hlaut að vera.

## TIL ÞÍN

Vonbrigði mig vissi eg hverjum  
valdið hafa, er á mig treysti,  
engra hafði að óskum farið,  
engum þó í móti risið.

Blind mér voru allra augu,  
augu mín því skilnings það ég,  
en sem steinn í staðlaust dýpi  
steptist þá og hrökk af svefni.

Síðan þenna draum mig dreymdi,  
dauðans myrkur betur skil ég  
og mig veit í ætt við tómið,  
ekki neinn, sem sér né finnur.

## NÆTURGALI Í BÚRI

Ég las eða mér sögð var þessi saga,  
og sagan var af næturgala í búi,  
sem söng þar enn um sól og himinbláma,  
sem söng þar enn um blóm og skógarangan.

En næturgalinn söng þar einn, og sífellt  
var söngur hans af tísti og gaggi rofinn.  
Og loksins sat hann hljóður, hætti að syngja,  
að hinztu varð hann einn af þeim, sem tístu.



## Í FROSTI

Í einangrun og hversdagsannahömlum  
ég hugsa um litla söngvarann sem bróður  
með afsökun, en hafa ber í huga,  
að hann var aðeins fugl, en ég er maður.

## ÉG FAGNA —

Ég fagna yfir frelsi þess,  
sem frægðar ei né valda naut,  
og hlaut ei neinn þann heiðursess,  
sem honum viki af sannleiksbraut,  
því sannleiksbraut er sólskinsbraut,  
þótt svalast stundum blási þar.  
Sá aldrei hreina útsýn hlaut,  
sem álitsmanna virðing bar.

Ég fagna þeirri fátækt í,  
sem fram úr skjóli líf manns knýr,  
og grefur inn að gildi því,  
sem gull og sæmd í reifar býr.  
En gildi er mest hið sanna að sjá,  
þótt sízt það gildi á jörðu hér.  
Þótt köldu snauður kenni á,  
hann kynnist aðeins því, sem er.

Ég fagna að rekja fótspor hans,  
sem finna sér ei hillu má.

## TIL ÞÍN

Þótt hæði þann hinn heimski fans,  
sem hæfði ei mark, hann lengst oft sá.  
Á hjarni um nótt þess liggur leið,  
sem lyftir huga stjörnum nær.  
En mun þá ei við endað skeið,  
að ársól honum ljómi skær?

## GLUGGANUM GEGNT

Inni er ljós  
en úti myrkur,  
sit ég glugganum gegnt.  
Inn til mín horfir  
angurþrungið  
sorgarauga svart.

Hvað er það,  
sem þú hrygga auga  
dylur í dimmum hyl?  
Væri þér svölun,  
ef sál mín veitti  
rúm þínu rökkri hjá sér?

Ljósið ég slekk.  
En er ljós mitt hverfur,  
hverfur hin sorgþrungna sýn.

## Í FROSTI

Lýsir um gluggann  
lítil stjarna,  
undarleg, fjarræn og ein.

Varst þetta þú,  
litla vökustjarna,  
sem leizt inn til ljóss míns með sorg?  
Eða var glugginn  
augað svart,  
sem gat ekki greint mér frá þér?

## VORKVEÐJA

Vorið þegar vaknar,  
vinda kalda stillir.  
Jafnvel hjarn og helja  
hlýna, er sólin gyllir.  
Harmaský á himni  
hverfast þá í ljóma.  
Alls hið rétta eðli  
er að brosa og hljóma.

Vorið þegar vaknar,  
veitist góðs að minnast.  
Aðeins gegnum ástúð  
augun sannleik kynnast.

## TIL ÞÍN

Fyrir yl að ofan  
opnast lífsins heiði.  
Aðeins vorsins vindar  
veita sigurleiði.

Vorsins frjálsu vængir  
víða hug manns bera.  
Blómin lifna, er bræðir  
bönd og vetrarfrera.  
Verða ljós á vegi  
vínarhugir góðir,  
gera ljúft að líta  
löngu farnar slóðir.

## NÁTTFERÐ

Sjá dagur er liðinn og sólin er sigin að sævi.  
Allt sviðið er autt og takmarkið ennþá fjær.  
Um heitan vanga minn kular af kveldrænum blævi.  
Svo kyrrir. Í austri rís máninn heiður og skær.

Og stjörnurnar blika. Til himins af hálfnuðum vegi,  
er húmar af nóttu, er frjál og töfrandi sýn.  
Ég hóf þessa ferð mína aleinn að áliðnum degi.  
Er eldar af morgni, hvort kem ég þá heim til mín?



## Í FROSTI

Við tungsljós og norðljós hve tindrandi snjófjöllin verða.  
Hve töfrandi er fjarlægð um nóttu af einmanans leið.  
Nú nýtur sá skjóls, sem reis árla til athafna og ferða.  
En á hann þá sjón þess, er hikaði daglangt og beið?

Hið næsta er allt tómlegt, og nóttin er kólnandi og þögul,  
mér naprari af því, að enginn sér mína ferð.  
En eilífðin ljómar. Sú dýrð er sjón minni sögul.  
Hún segir mér keppendatakmörkin einskisverð.

## Á HÁLFNAÐRI LEIÐ —

Á hálfnaðri leið ef þú hikar,  
þér hverfur máttur og þor.  
Á hálfnaðri leið eru hvergi skjól,  
þar helkuldi blæs um vor.

## BLIKNUÐ LAUF

1. Hvert atvik færir mér nýtt viðhorf. Hvert viðhorf birtir mér nýjan sannleik.
2. Menntaður er sá, sem lært hefir að gera sér þroskaefni af allri reynslu.
3. Ósigur andstæðings mín væri ekki falinn í því að viðurkenna það, sem rétt er í máli mínu, heldur í því að viðurkenna það ekki.
4. Bjartsýni er ýmist sprottið af víðsýni eða glópsku.
5. Aðeins í heimi ranglætisins getur lygin verið hagsamleg.
6. Kuldinn þjáir ekki þann, sem í eðli sínu er kaldur.
7. Þögnin og sljóleikinn er þyngsta andstaða þess, sem er hrópandi rödd sannleikans.
8. Illt er illt, þó að það geti stundum orðið til góðs.
9. Hinn æðsti sannleikur er einfaldastur.

## BLIKNUÐ LAUF

10. Skilningurinn er farvegur ástúðarinnar, og ástúðin er móðir skilningsins.

11. Hver öfundar sér líkan.

12. Það er söknuðurinn um hið liðna, sem svarar áhrifum þess nýja.

13. Finni harmur minn ekki strengi á annarra hörpum, verður hann að nýjum streng á minni eigin hörpu.

14. Þar voru sortabákn, sem sólrir skópust, og aðeins úr þungum skýjum brenna þrumuleiftur.

15. Elskaðu! Guð lætur ekki sólina hætta að skína, þó að sumir geislar hennar snúist til eyðingar og bruna.

16. Stjörnurnar lýsa aðeins við að brenna sér upp eða hrapa.

17. Bros þjáningarinnar eru blóm, og listin er að kenna kvöl sinni að dansa.

18. Að drekkja ljósi sínu í myrkri jarðarinnar, það er fögnuður himinsins. En þegar hún skilar aftur ljósgjöfum hans, verða þær að þungum skýjum.

19. Fórnir jarðarinnar skreyta hana blómum, en mold er hvað, meðan hún geymir sjálfri sér.

20. Þar sem harmur hins særða leysist upp eins og dögg fyrir sólu, rennur hryggðin særandanum í brjóst eins og kalt ísvatn.

21. Atburðirnir berast manni að utan. Það veitir réttinn til þess að tala frá eigin sjónarmiði.

22. Léttu aldrei á hjarta þínu, ef engar örvar áttu leið til þess.

23. Manni gefst aðeins hálf, en það tapast fyrir viðleitnina til að öðlast allt.

24. Að vera frumlegur er aldrei það að vera gallalaus.

25. Gagnrýnin stígur aldrei fet fram úr hinu viðurkennda.

26. Það glatar listinni að binda sig um of við listina.

27. Ég minnst í tómi, og ég er skapandi aðeins þegar ég minnst.

28. Það verður enginn montinn af einsdæmum.

29. Hin þyngstu skeyti eru langfleygust.

30. Það hrífur helzt, sem særir.

31. Það þarf meira vit til að meta hið lítilmótlega en til að fyrirlíta það.

32. Sumar hugsanir eru ský, og takmark andans er að komast upp fyrir þau. Ofurandinn hugsar ekki, heldur sér og veit.

33. Straumar tilverunnar leita æ að jafnvægi, en hvað sem vinnst, verður að undirrot nýs ójafnvægis.



34. Snertu ekki djúpið, ef þú vilt sjá mynd þína speglast í því.

35. List er að segja í fáum orðum, en það eitt nægir ekki til að skapa list.

36. Sjáandinn er jafnan á vegamótum.

37. Í afsökunum annara finn ég stundum vantraust þeirra á mér.

38. Það er göfugt að elska óvini sína, ef það stafar ekki af þrekleysi.

39. Meinleysi stafar stundum af kærleiksskorti.

40. Launkofarnir eru jafnan meira hneykslunar-efni en það, sem þeir eiga að leyna.

41. Menn eru ekki dáðir fyrir það, sem þeir eru, heldur fyrir það, sem þeir geta gert sig.

42. Menn hræsna síst fyrir þeim, sem þeir fyrirlíta.

43. Hið kunna er leið til hins ókunna, en með hækkuninni kemur sérkennileikinn í ljós.

44. Tryggðin er atlotatreg.

45. Við skiljum hlutina fyrir líkingu, en skynjum þá fyrir mun.

46. Þar sem er varmi og líf, sjást jafnan tárahöfug ský, og því fremur sem djúpin eru hlýrri. En ský sól-  
arinnar eru lýsandi.

## TIL ÞÍN

47. Öll ljóð eru kveinstafir frá hörpustrengjum ástarinnar.

48. Blómið deyr, þegar skín á rætur þess. Guð flýr þaðan, sem ástinni er misþyrmt.

49. Elskandinn skynjar aðeins hið fjarlæga og háa.

50. Þær fórnir misþroska þiggjandann, sem eru gefandanum gröf.

51. Lífsreynslan gefur hugsununum form.

52. Fegurðin ein er veruleiki. Hitt, sem ekki er fagurt, er aðeins ekki orðið til.

53. Þeir skyggja ekki á aðra, sem í skugganum búa.

54. Viðfeldnin hefur löngum stein í hjartastað.

55. Að umhverfið svarar ekki til eðlis manns, það eru gallar hans og veikleiki.

56. Heimskan er löngum háværust, og af líttbrennandi eldi leggur stundum mikinn reyk.

57. Þeir elta ekki annara álit, sem ljósið gefa, heldur þeir sem þiggja það.

58. Sá einn óttast um sannfæringu sína, sem ekki hefur aflað sér hennar sjálfur.

59. Því aðeins á tamning menningarinnar rétt á sér, að hún sé knýjandi leið til guðlegrar villimennsku.

60. Grjótið er nógu hart til að blygðast sín ekki fyrir að koma fram nakið.

BLIKNUÐ LAUF

61. Vegna skýjahjúpsins er Venus hvít á að líta, en sá skýjahjúpur er eigið svartsýni hennar.

62. Það þroskar sjón manns, sem maður elskar, en nýtur ekki.

63. Því fremur gleymir vegfarandinn veginum sem hann var greiðfærari og betri.

65. Villan er jafnan flókin.

64. Hið stórfelldasta er jafnan hið sannasta.

66. Sá er heitastur eldur, sem hefur skærastan loga.

67. Að vita sig ekki hafa verið nógu góðan og minnst þess ævinlega, það er hin sanna, göfuga sorg.

68. Að lifa í sannleik er ekki hið sama og vita sannleikann og kunna að segja hann.

69. Það er tilhneigingin en ekki tilgangurinn, sem fæðir af sér hafning andans.

70. Að draga úr falli öldunnar væri að sneypa hana mætti til að endurrísa.

71. Hæð himinsins sérð þú ekki fyrr en þú horfir neðan úr undirdjúpunum.

72. Það er getan til hins illa en ekki getuleysið, sem aftrar göfugmenninu frá að vera illur.

73. Þá eina þyrstir, sem hafa heitt blóð í æðum.



## TIL ÞÍN

74. Að vita sig hafa gert rangt, kemur lítilmenninu ekki til að iðrast, heldur hitt, að aðrir viti það.

75. Guð er alltaf að fletta blöðum tilverunnar og lesa, og hann er sjálfur það, sem hann les.

76. Þeir sem glöggir eru á líkingar, eru einnig glöggir á mun.

77. List skapast af þörf til að klæða nekt og græða yfir sár.

78. Það er erfitt hvorttveggja í senn, að vera lýsandi og bera blóm.

79. Smekkvísi og nirfilsskapur eru skyldir eiginleikar og andstæður frumleiks.

80. Andinn er formleysi og alskyggnið er ósýnilegt.

81. Ég marka mest frásagnir þeirra, sem aldrei kunnu að vikja undan afleiðingum misgerða sinna.

82. Þeir eru stundum viðkvæmastir fyrir annara dómum, sem fyrirvíta það mest að láta þá viðkvæmni hafa áhrif á sig.

83. Tign konunnar og yndisleiki er af því að þjást og þegja.

84. Þeir hugsa ekki ævinlega nýjungar, sem bezt fylgjast með nýjungunum.

85. Einungis sá, sem er lýsandi, getur fundið hve myrkur eilífðarinnar er djúpt.



86. Sá sem hörfar, leifir af getu sinni.
87. Frá sjónarmiði eilífðarinnar er göfugt að horfa, en þó því aðeins að maður skoði þaðan sína eigin harma, en ekki annara.
88. Það lýsir af brandinum, sem brennur, en ekki af björkinni, sem grær.
89. Um leið og jörðin grær, byrgir hún ófegurðina í brjósti sínu.
90. Sólin skín ævinlega af öllum mætti sínum, annars væri hún ekki sól.
91. Þar sem þú hylur sjálfan þig í þoku, þar sérðu ekki nema í þoku.
92. Sannleikurinn brennir mig, fái hann ekki að skína í gegnum mig.
93. Hinn skapandi sjáari er jafnan síst hinn skapandi gerandi.
94. Að eiga réttinn til hamingju er að eiga frelsi andans, en stundum verður að fórna hamingjunni fyrir þann rétt.
95. Það er mér ekki aðalatriði, hvað ég hefi gert eða látið ógert, heldur hitt, hvernig ég tek afleiðingum þess.
96. Syng burtu sorg þína, en léttu ekki á samvisku þinni með orðum, heldur með dáð.

## TIL ÞÍN

97. Það er ekki sameiginleiki manns með öðrum, heldur hið persónulega sérstæði hans, sem kemur honum til að unna öðrum mönnum.

98. Andinn sigrar með því að skilja hlutina og elska þá.

99. Ég leita að sjálfum mér í öðrum, en ódauðleiki minn er að finna mér hvergi stað, nema í sjálfum mér.

100. Finnir þú ekki vini meðal blómanna þá leitaðu þeirra meðal stjarnanna.

101. Í minnstu samræmi er maður við það, sem hann hefir hvorki aðstöðu til að vera með né móti.

102. Manni ber að fara sömu leið áfram og hann hörfaði til baka, því að einungis þannig endurvinnur hann það, sem hann hafði tapað.

103. Frumhvöt listamannsins er að koma byrði sinni yfir á annara herðar en á annara herðum verður byrði listamannsins létt.

104. Til þess að verða öðrum að vegi, varð stundum að gleyma sínum eigin vegi.

105. Sannir snillingar eru jafnan sammála sönnum snillingum, en deilur stafa af takmörkuðum skilningi.

106. Það voru ekki fórnir, sem þóttu dásamlegar, meðan þær voru færðar.

107. Hin eina sanna hamingja er að gera aðra

## BLIKNUÐ LAUF

hamingjusama, en verðir hamingjunnar eru aðeins þeir, sem maður gerir hamingjusama mest með því að gera sjálfan sig hamingjusaman.

108. Það sem ljósinu ber er að skína, en ekki að hugsa um, hverjir verðskulda, að skíni á og hverjir ekki.

109. Líf hvers er máttur hans, og sú byrði, sem honum ber.

110. Það verður ekkert hreint, sem reynt er að fela.

111. Það er jafnan betra, að menn finni sannleikann sjálfir en að þeim sé sagður hann.

112. Vitskan deyr af því að vilja varðveita sig á kostnað ástarinnar.

113. Sérhver einmani er sem nótt án stjarna eða stjarna, sem ekki finnur nótt.

114. Áfram í heiminum kemst maður ekki án þess að hafa andskotann í þjónustu sinni, en það er listin að láta hann aldrei verða nema þjón.

115. Þeir verða aldrei brautryðjendur, sem leita aldrei á nema þar, sem þeir sjá fyrir sér einhverjar leiðir.

116. Maður vitkast stundum af því að fara villt en þó því aðeins, að hann fari ekki vitandi villt.

117. Þeir eru ekki færir um að vera miklir, sem fyrirlíta alla nema jafninga sína.



118. Hamingjan sættir menn við jörðina, en óhamingjan knýr til þess að leita út fyrir hana.

119. Sá sem veit ekki allt, veit ekkert til fulls.

120. Það lyftir öðrum enda vogarinnar, sem dregur hinn endann niður.

121. Það eitt er mér list, sem færir mig nær sannleikanum.

122. Á sviði vanþekkingarinnar eru allar fjarstæður hugsanlegar.

123. Það þykir sumum minna víðsýni, að sjá hið rétta en það, sem hvorki er rétt né rangt.

124. Dyggð manns grundvallast ekki í auðmýkt, heldur stolti.

125. Hið sanna víðsýni er ekki það, að viðurkenna allar kenningar, heldur hitt, að viðurkenna aðeins það, sem rétt er í hverri kenningu.

126. Leiðin fram er að sjá til allra hliða og sjá sannleik í öllum hlutum, en þeim verður erfiðara í heimi öfugstreymisins, sem eru á þeirri leið.

127. Það er ekki miskunnseminni að kenna heldur þeim, sem njóta hennar, að hún stundum elur upp lesti.

128. Persónuleiki manns er ekki sérgæði hans og einstæðisþrá, heldur leit hans að sameiginleik og ást hans til annara.



129. Að vera frumlegur er öðrum þræði komið af því að vera öðrum fremur skyggn á smámuni.

130. Alhæfni veldur einstæði.

131. Innri sjón hafa þeir einir, sem í einhverjum skilningi standa utan við mergðina.

132. Þroskun kærleikans er alhliða, en þroskun baráttunnar er ævinlega meira og minna einhliða.

133. Þeir eru ekki í ætt við himininn, heldur jörðina, sem muna þá eina, sem kunna að láta muna eftir sér sjálfir.

134. Óttinn hefur augun í hnakkanum.

135. Þá fyrst verð ég frjáls, þegar ég á ekkert eftir, nema ást mína á sannleikanum.

136. Hinn óttalegi ber óttann undir brynjunni.

137. Grasið skilur ekki tilgang plógsins, en dyggð er það líka að hlífa sér ekki við að vera brjótandi, til þess að aðrir geti verið góðir.

138. Lífið er straumur tilbreytinga, sem fellur eftir farvegi endurminninga.

139. Líkingarnar eru sem vængir, sem lyfta skilningum til flugs. En fiskarnir skilja ekki, að fuglarnir þurfi vængi til þess að geta flogið.

140. Spakmæli eru stundum tilorðin vegna mistaka sjálfs vísdómsins til þess að laga eftir sér veruleikann.

141. Viljir þú verða æ vitrari, þá hafðu fávísi þína nakta.

142. Það eru ekki guðir, sem elska nema niður fyrir sig.

143. Viðfangsefni hins guðlega er að skilja andskotann niður í grunninn.

144. Guð elskar, en dæmir ekki.

145. Allir snillingar voru heiðnir á því sviði, sem snilld þeirra var.

146. Það verður aldrei neitt fallega sagt nema sannleikurinn.

147. Það voru aldrei sjáendur, sem ekki voru einstæðingar.

148. Það verður enginn stór, sem ekki trúir á neitt stórt og óvanalegt.

149. Þetta er hið æðsta boðorð: Elska skaltu drottin guð þinn eins og sjálfan þig, en aðra svo, að þú gleymir sjálfum þér.

150. Ástúðin leysir, en viljinn einn megnar aðeins að brjóta.

151. Aðvaranir vísa jafnan veginn til þess, sem var að er við.

152. Frumleiki og vitska geta ef til vill verið án listar, en það er aldrei list til án frumleiks.

## BLIKNUÐ LAUF

153. Menn sjá stundum eftir á að þeir hlutu ávinning af mótlæti og sorg, en þá hafa þeir líka tekið út þann ávinning.

154. Menn dá þá sem drottna, en sú aðdáun er auðsýnd með lygi.

155. Það er ekki nýtt, að hreinskilnin hneyksli, en hitt væri nýtt, að menn hneyksluðust nema vegna heimsku sinnar.

156. Fullkomlega hreinskilinn getur enginn verið nema þar, sem hann á hreinskilni að mæta.

157. Um lönd ókynnisins hafa ekki verið lagðir neinir akvegir. Hinir ófleygu verða því að ferðast þar fótgangandi.

158. Það gerir enginn neitt snilldarlega lengur en honum er að fara fram.

159. Sammál af þekkingu væri hin bezta undirstaða þess, að hver geti orðið sérstætt skapandi.

160. Fótffesta mannþekkingjarans eru hinir veiku blettir mannanna.

161. Það er kunnugt, að fáir eru spámenn í sínu ættlandi. En væru þeir sannir spámenn, sem flýðu ættland sitt af þeirri ástæðu.

162. Þeir stefna ekki fram, sem ævinlega reyna að halda opnum leiðum til baka.



163. Iðrunin gerir ekki annað en að leggjast á sveif með yfirsjóninni.

164. Samstilling góðvildarinnar er hugsuð af guði.

165. Hið drengilegasta hefur jafnan verið unnið með minnstri von um sigur eða árangur.

166. Það gerir enginn neitt viturlega, nema hann vinni til bóta.

167. Þeir hljóta jafnan að þola ranglæti, sem vinna að því að réttlætið sigri.

168. Slyngur stjórnmalamaður er sá sem er leikinn í því að krækja fram hjá sannleikanum.

169. Það eitt er líf, að strengir endurminninganna ómi undan fótataki atburðanna.

170. Vísindamaðurinn ályktar af staðreyndunum, en trúmaðurinn ályktar staðreyndirnar.

171. Fegurðin er einungis í sambandi við lífið.

172. Sá er ævinlega svikari, sem lætur skynsemina ráða eina saman.

173. Um fullnaðarþekking verður aldrei að ræða, heldur aðeins þekkingarleið.

174. Það skiptir ekki mestu hvaða form hlutirnir hafa, heldur hitt, hvernig skín á þá.

175. Ég trúi á þríeinan guð, guð vísdomsins, guð



góðvildarinnar og guð fegurðarinnar. Þessir þrír guðir eru einn guð, því að ekkert er gott nema það, sem er viturlegt, og ekkert er sannarlega viturlegt nema það, sem er gott. Og fagurt er ekkert nema það, sem er gott og viturlegt.

176. Það má taka til marks, að maður er ekki á réttri skilningsleið, nema þegar honum er að fara fram að góðvild og hlýjum hug.

177. Gæfumaðurinn miklast af láni sínu. Hinn ógæfusami þykist stundum sjá viðurkenningu í óláni sínu.

178. Logni og sólskini svarar sjórinn með endurskini þess, er hann sér, en storminum svarar hann frá eigin brjósti.

179. Með því að vera eitt fer maður á mis við að vera eitthvað annað, en því aðeins er maður þó nokkuð.

180. Sólin skín aðeins til þess að létta á hjarta sínu og menn blessa hana fyrir það.

## FYRIRSAGNIR

TIL ÞÍN .....	BLS. 5
HJÁ SMALAVÖRÐUNNI .....	— 7
Kvöld .....	— 7
Kalt leiksvið .....	— 8
Landnemi .....	— 8
Þrekbrestur .....	— 9
Hugleiðing .....	— 11
Fram á leið .....	— 11
Frostrósir .....	— 12
Svört er saurkastsmund .....	— 13
Skýjaklakkar .....	— 13
Heilræði .....	— 14
Á leið frá Kalmanstungu til Húsafells .....	— 15
Orsakir skapa .....	— 16
Dómar breytast .....	— 17
Þú ert ekki stór .....	— 17
Gleipnir .....	— 18
Álitsmaður .....	— 18
Fyrir dag .....	— 19
Vinningar og töp .....	— 19
Samdrykkja .....	— 19
Fremd er ei að styggja .....	— 20
Í andstæðnanna tafli .....	— 20
Að veizlu .....	— 21
Úr bréfi til Kristjáns .....	— 24

## TIL ÞÍN

Úr bréfum til Hauks .....	BLS. 25
Fyrir sumar .....	— 29
Láttu skína — .....	— 29
Háðlist .....	— 30
Grátur eftir hlátur .....	— 30
Ílmreysbróðir .....	— 30
Heill sé þeim — .....	— 31
Til yfirborðsmannsins .....	— 31
Ef áttu — .....	— 32
Hjá vatninu .....	— 32
Margir hnutu — .....	— 33
Hrafninn kvað .....	— 34
Blundur Hellismanna .....	— 34
Veiðiför .....	— 35
Lækur og lind .....	— 36
Burkni .....	— 37
<b>SKUGGAR</b> .....	<b>— 38</b>
Utanveggja .....	— 38
Jökulsá .....	— 39
Vér skyggnum bezt — .....	— 40
Meinleysingjar .....	— 41
Kvöldskin á fjöllum .....	— 42
Daggir .....	— 42
Frá hafi til himins .....	— 45
Ritdómur og svar .....	— 46
Kvöldskuggar .....	— 47
Undir ástæðum komið .....	— 48
Vísur .....	— 49
Staka .....	— 51
Glerbrot .....	— 52
Fjöll og ský .....	— 55
Dagskuggar .....	— 56
Andvaka .....	— 58
Fjallalind .....	— 61

FYRIRSAGNIR

Stjörnuleiftur .....	BLS.	63
Kræklur .....	—	63
Haustregn .....	—	64
Blaðsneydd björk .....	—	65
Það haustar .....	—	65
Stjarna í rofi .....	—	68
Vorský .....	—	68
Síðasta ljóð .....	—	69
UNDAN SNJÓ .....	—	71
Í tómi .....	—	72
Endurminning .....	—	77
Brotnar greinar .....	—	78
OG VINDURINN BLÉS .....	—	82
Svarti sandfláki .....	—	82
Í vísnaþók frænku minnar í Vesturheimi .....	—	83
Við lindina .....	—	85
Við fossinn .....	—	85
Hvert líf, það er minning — .....	—	86
Ég dögunum eyddi — .....	—	87
Hann söng mér það — .....	—	87
Ég minnst þín sól — .....	—	89
Hve dökkur er augasteinn — .....	—	90
Vart fegurðarnýjungar — .....	—	90
— MÍNUM BERNASKUSTÖÐVUM FJÆR .....	—	91
Vögguljóð .....	—	91
Hve vildi ég feginn .....	—	94
Hve djúpur er dauðinn og þyrstur .....	—	94
Haustljóð .....	—	95
Vornánd .....	—	96
Hvers skal ég leita? .....	—	98
Undir Rósarfjalli .....	—	99
Stoltir stofnar .....	—	100
Ef brenn ég ei sjálfur — .....	—	101



## TIL ÞÍN

Í FROSTI .....	BLS. 102
Skírnarljóð .....	— 102
Í skjól um vetur — .....	— 104
Við fyrstu angan — .....	— 105
Hreystiyrði .....	— 106
Draga sér blóm — .....	— 106
Það hníga flestir — .....	— 107
Milli élja .....	— 107
Stjarna — .....	— 109
Dreymdi mig — .....	— 109
Næturgali í búri .....	— 110
Ég fagna — .....	— 111
Glugganum gegnt .....	— 112
Vorkveðja .....	— 113
Náttferð .....	— 114
Á hálfnaðri leið — .....	— 115
BLIKNUÐ LAUF .....	— 116